

Aðskilnaður ríkis og kirkju

Upphaf almennrar umræðu 1878–1915

Fyrri grein

Tengsl ríkis og kirkju hér á landi eru ágengt álitamál nú á tímum trúfrelsis, jafnræðis og sívaxandi fjölhyggju. Við þessar aðstæður verður sérstakt samband einnar ákveðinnar, játningabundinnar kirkju við ríkisvaldið sífellt meiri vafa undirorpið, einkum þegar hafin virðist stöðug hlutfallsleg fækkun í þessari kirkju, þ.e. íslensku þjóðkirkjunni.¹ Búast má við að sú þróun verði viðvarandi þótt einhverra sveiflna kunni að gæta, hvort sem þær felast í hægari fækkun en að undanförunu eða jafnvel hækkuðu hlutfalli landsmanna í kirkjunni í einstaka tilvikum.

Lækkandi hlutfall þjóðkirkjufólks undanfarin allmörg ár stafar ekki einvörðungu af því að fólk í kirkjunni ákveði að rjúfa tengsl við hana.² Breyttar reglur um skráningu í kirkjuna geta valdið því sem kalla má „skráningarbrottfall“.³ Þá veldur fjölgun fólks í landinu með bakgrunn í öðrum kirkjudeildum, sem og af öðrum trúarbrögðum en kristni, hlutfallslegri fækkun í þjóðkirkjunni. Líta má á þessa síðastnefndu ástæðu sem lýðfræðilega þótt hún hafi vissulega kirkjulega og jafnvel trúarpólitíska hlið.

Tengsl ríkis og kirkju — yfirlit

Spurninga um tengsl ríkis og kirkju eða kristni hefur verið spurt allt frá upphafi eða síðan Kristur svaraði vangaveltu andstæðinga sinna um skyldu Gyðinga til að gjalda

¹ Það varpar ljósi á þessa þróun að 1998 voru um 90% þjóðarinnar skráð í þjóðkirkjuna samkvæmt tölum Hagstofu Íslands. 20 árum síðar er það hlutfall komið niður í rúm 67%. Mannfjöldi eftir trú- og lífsskoðunarfélögum 1998–2019, px.hagstofa.is, sótt 13. nóvember 2018 af http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag__menning__5_trufelog/MAN10001.px/table/tableViewLayout1/?rxid=1df2ed6a-6fad-4a7c-add9-c9960b95746a.

² Þetta getur gerst með tvennu móti: að fólk segi sig úr þjóðkirkjunni eða að það hætti að láta skíra börn sín og/eða skrá þau í þjóðkirkjuna.

³ Orðið skráningarbrottfall er sótt til Háskóla Íslands en þar merkir það að stúdent sem skráð hefur sig til náms mæti ekki til námsins. Hér merkir það að barn er ekki skráð í þjóðkirkjuna af ástæðum sem fremur má rekja til breyttra reglna um skráningu en til formlegrar ákvörðunar foreldranna um að barnið skuli standa utan kirkju. Samkvæmt eldri reglum voru börn skráð í sama trúfélag og móðir við fæðingu. Sama regla gildir nú ef foreldrar eru ekki í hjúskap eða skráðri sambúð við fæðingu barns uns samið hefur verið um forsjá. Ef foreldrar eru í hjúskap eða skráðri sambúð og báðir tilheyra sama trúfélagi eða lífsskoðunarfélagi eða standa báðir utan slíkra félaga er barnið skráð með sama hætti. Ef foreldrarnir eru ekki eins skráðir er barnið skráð í ótilgreint trúfélag. Skírn jafngildir ekki skráningu. Þá eru erlendir ríkisborgarar skráðir í ótilgreint trúfélag uns þeir tilkynna um breytta skráningu. Skráning í trú- og lífsskoðunarfélag samhliða nýskráningu í þjóðskrá, [skrá.is](http://www.skra.is), sótt 12. nóvember 2018 af <https://www.skra.is/einstaklingar/eg-og-fjolskyldan/tru-og-lifsskodun/>.

keisaranum skatt með hinum fleygu orðum: „Gjaldið keisaranum það sem keisarans er og Guði það sem Guðs er.“⁴ Á 4. öld öðlaðist þetta viðfangsefni þó aukinn þunga vegna breyttrar afstöðu rómverska keisarans til kristninnar og þar með hraðari útbreiðslu hennar og stöðugt sterkari stöðu. Á miðöldum stóðu tíðum átök um innbyrðis samband ríkis og kirkju, sem og sjálfstæði kirkjunnar andspænis veraldlega valdinu. Gregoríanismi í ýmsum myndum var sú hugmyndafræði sem kirkjan gekk oftast út frá í glímu sinni við ríkisvaldið.⁵ Á meginlandi Evrópu komu þessar deilur meðal annars fram í tignarskrýðingardeilunum svonefndu.⁶ Hér á landi birtust þær aftur á móti einkum í staðamálunum fyrri í tíð Þorláks biskups helga (1178–1193) og þeim síðari í tíð Árna Þorlákssonar (1269–1298) þar sem tekist var á um veitingarrétt á kirkjulegum lénum (lat. *beneficium*) en einnig í átökum Guðmundar Arasonar góða Hólabiskups (1203–1237) við höfðingja, einkum um fjárstjórn og dómsvald.⁷

Á síðmiðöldum og árnýöld urðu tengsl ríkis og kirkju sífellt nánari með þróun miðstýrðra þjóðríkja sem náði síðar hámarki í einvaldsríkjum álfunnar. Á Spáni og ekki síður í Frakklandi komu fram kaþólskar ríkiskirkjur á grundvelli sáttmála (lat. *concordat*) milli konunga þessara landa og páfa. Nægir í því sambandi að nefna samning Frakkakonungs og páfa frá 1516 sem tryggði konungi viðtæk völd yfir kirkjunni.⁸ Í þeim ríkjum þar sem lúthersk siðaskipti urðu, þar á meðal í Danaveldi, myndaðist valdatóm í kirkjunni er staðbundnir kirkjuleiðtogar glötuðu trúverðugleika innan siðbótahreyfingarinnar og tengsl hennar við páfastól rofnuðu, til dæmis við bannfæringu siðbótarmanna. Við slíkar aðstæður ákallaði Lúther veraldlega valdsmenn og hvatti þá sem öflugustu félagaga hins kristna safnaðar til að axla ábyrgð, siðbæta kirkjuna og veita henni vernd sína á annan hátt.⁹ Á þessum tíma má líta svo á að kirkjan hafi glatað sjálfstæði sínu og orðið hluti af ríkisvaldinu í lútherskum en einnig ýmsum rómversk-kaþólskum ríkjum en vissulega í misríkum mæli eftir löndum.

Tengsl ríkis og kirkju tóku að trosna með afnámi einveldisins og síaukinni lýðræðisvæðingu. Byltingin 1789 olli tímabundinni endurskoðun á þessu sambandi í Frakklandi og allt frá stofnun Bandaríkja Norður-Ameríku fáeinum árum áður voru kirkjur þar í landi ótengdar stjórnvöldum. Má segja að þar með hafi endanlega lokið hinu kirkjudeildarlega bundna tímabili þegar ríkisvaldið mótaðist almennt af sterkum tengslum við einhverja ákveðna kirkjudeild sem gegndi hlutverki ríkisátrúnaðar.¹⁰

⁴ Mrk 12.17 og hliðstæður.

⁵ Gregoríanismi var kirkjuleg siðbótar- og sjálfstæðishreyfing kennd við Gregoríus VII páfa (1073–1085). Í anda hennar var meðal annars krafist einlífis klerka og bannað að leikmenn veittu kirkjuleg embætti og lén. Per Ingesman, „Middelalderen“, *Kirkens historie 1*, Kaupmannahöfn: Hans Reitzels Forlag, 2012, bls. 309–779, hér 400–404.

⁶ Per Ingesman, „Middelalderen“, bls. 404–407.

⁷ Magnús Stefánsson, „Kirkjuvald eflist“, *Saga Íslands 2*, ritstj. Sigurður Línal, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, Sögufélag, 1975, bls. 55–144, hér 119–134.

⁸ Per Ingesman, „Middelalderen“, bls. 681–684.

⁹ Marteinn Lúther, *Til hins kristna aðals þjónrar þjóðar: Um siðbót þeirrar kristlegru stéttar árið 1520*, ísl. þýð. og inng. eftir Vilborgu Auði Ísleifsdóttur, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2012, bls. 45, 53, 64–66, 75–83, 89–93, 94, 95, 96, 98, 99, 100–102, 104–106, 134–135, 154–155, 169–185.

¹⁰ Líta má svo á að hið kirkjudeildarlega bundna eða „konfessjónala“ tímabil hafi staðið í fullum blóma frá miðri 16. öld til loka 17. aldar en upplausn þess þá hafist og staðið til um 1800. Sjá Torben Christensen og Sven Göransson, *Kyrkja-historia 2*, [s.l.]: Scandinavian University Books, Svenska bokförlaget, 1969, bls. 214 o.áfr.

Um aldamótin 1900 gætti vaxandi þrýstings í flestum löndum Evrópu í þá átt að takmarka áhrif hugmyndastrauma er taldir voru standa í vegi fyrir þróun réttláts nútímasamfélags og útiloka þessa strauma jafnframt úr opinberu rými. Beindist þessi viðleitni meðal annars gegn kristinni trú sem áður hafði verið mikilvægur hluti af opinberri hugmyndafræði ríkisvaldsins. Liður í þessari hreyfingu var að aðskilja ríki og kirkju sem mest. Á 19. öld, meðan áhrif liberalismans voru sterkust, náði þróun í þessa átt þó ekki lengra en að því marki að komið var á trúfrelsi. Með auknum áhrifum sósíalisma kringum aldamótin 1900 var hins vegar tekið að rjúfa formleg tengsl ríkis og kirkju á mun róttækari hátt. Það var til mynda gert í Frakklandi 1905. Síðar fylgdu fleiri Evrópulönd í kjölfarið, svo sem Spánn, Portúgal og Holland.¹¹

Í Danmörku gætti áhrifa liberalismans mjög í grundvallarlögunum frá 1849 en með þeim var evangelísk-lúthersk kristni lögð af sem ríkisátrúnaður en í staðinn innleitt þjóðkirkjufyrirkomulag og trúfrelsi. Í kjölfarið hófst lífleg umræða um aðskilnað. Árið 1901 urðu stjórnarskipti er stjórnmalaflokkurinn Venstre tók við völdum undir forystu Jens Christians Christensen (1856–1930). Þótti þá flestum stefna í aðskilnað. Þróunin varð þó sú að lýðræði var stórum aukið innan kirkjunnar á safnaðarplani en jafnframt komið í veg fyrir þróun hennar sem sjálfstæðrar stofnunar á ríkisplani er lyti eigin stjórn t.a.m. í höndum kirkjupings. Þá var fjárhagslegt sjálfstæði þjóðkirkjunnar afnumið og félagslegum áhrifum hennar þar með settar þröngar skorður. Þar sem stjórnarskráin tryggði auk þessa víðtækt trúfrelsi var þörf fyrir aðskilnað ríkis og kirkju í trúarpólitískum tilgangi í stórum dráttum úr sögunni. Á þessum tíma þótti því ekki ástæða til að afnema ákvæði grundvallarlaganna um þjóðkirkju.¹²

Mikilvægustu breytinguna sem orðið hefur á tengslum ríkis og þjóðkirkju hér á landi á síðari öldum má rekja til stjórnarskrárinnar um hin „sjerstacklegu“ málefni Íslands frá 1874 en þar sagði í 45. gr.: „Hin evangelíska lúterska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi, og skal hið opinbera að því leyti styðja hana og vernda.“¹³ Með þessu ákvæði var mörkuð sú stefna að í framtíðinni skyldi litið á þjóðkirkjuna sem sérstaka stofnun er væri aðgreind frá hinu opinbera, þ.e. innlendu embættisstjórninni og síðar íslenska ríkinu, sem það ætti að sínu leyti að styðja og vernda.¹⁴

¹¹ P.G. Lindhardt, *Stat og kirke*, Kaupmannahöfn: Hans Reitzel, 1960, bls. 99–109. Jens Holger Schjørring, „1800 til i dag“, *Kirkens historie 2*, Kaupmannahöfn, Hans Reitzels Forlag, 2012, bls. 383–746, hér 428–435.

¹² P.G. Lindhardt, *Stat og kirke*, bls. 119–121.

¹³ *Stjórnarskrá um hin sjerstacklegu málefni Íslands*, stjórnarradid.is, sótt 11. maí 2018 af https://www.stjornarradid.is/media/forsactisraduneyti-media/media/stjornarskra/1874_stjornarskra.pdf. Sbr. 62. gr. núgildandi stjórnarskrár: „Hin evangelíska lúterska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi, og skal ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda.“ *Stjórnarskrá þjóveldisins Íslands* nr. 33/1944, althingi.is, sótt 15. september 2017 af <http://www.althingi.is/lagas/nuna/1944033.html>. Ákvæðið átti rætur að rekja til 3. gr. dönsku grundvallarlaganna frá 1849 en þar segir: „Den evangelisk-lutherske Kirke er den danske Folkekirke og understøttes som saadan af Staten.“ *Danmarks Riges Grundlov*, 5. juni 1849 (Junigrundloven), danmarkshistorien.dk, sótt 15. september 2018 af <http://danmarkshistorien.dk/leksikon-og-kilder/vis/materiale/danmarks-riges-grundlov-af-5-juni-1849-junigrundloven/#indhold1>. Um merkingu þessara ákvæða sjá Hjalti Hugason, „Þjóðkirkja og trúfrelsi. Inntak og merking trúmálabálks stjórnarskrárinnar ásamt breytingartillögum“, *Ritið* 2/2011, bls. 151–181, hér 156–166.

¹⁴ Bjarni Sigurðsson, *Geschichte und Gegenwartsgestalt des isländischen Kirchenrechts*, Europäische Hochschulschriften Reihe 2, 524 b, Frankfurt am Main: Peter Lang, 1986, bls. 71–72.

Samtímis var innleitt hér trúfrelsi.¹⁵ Þetta var hvort tveggja bein afleiðing af grundvallarlögum Dana (3. og 80.–84. gr.) sem voru forsenda og fyrirmynd stjórnarskrár okkar.¹⁶

Aukið sjálfstæði kirkjunnar og frelsi einstaklinganna á sviði trúmála varð þó ekki þar með að veruleika heldur var hér um „pappírshfrelsi“ að ræða eins og Jón Ólafsson (1850–1916), þáverandi ritstjóri *Skuldar* sem út kom á Eskifirði 1877–1880, komst að orði.¹⁷ Hann kvaðst einnig, að því er virðist með réttu, hafa verið einna fyrstur manna til að vekja máls á aðskilnaði ríkis og kirkju hér með því að birta í blaði sínu grein um efnið þegar árið 1878 (sjá síðar).¹⁸ Má heita að umræða um það mál hafi staðið með hléum æ síðan. Í raun snýst sú umræða einmitt um hvernig þeim markmiðum sem felast í ákvæðum stjórnarskrárinnar um þjóðkirkjuna, en einkum þó trúfrelsið, skuli náð.

Stjórnarskráin 1874 lagði sem sé aðeins grunn að þjóðkirkjufyrirkomulagi og trúfrelsi í landinu. Fram undan var mikilvægt löggjafarstarf er leiddi til að fram kom það sem kallað hefur verið „gamla, íslenska þjóðkirkjuskipanin“.¹⁹ Munar þar mest um lög um stjórn safnaðarmála og skipan sóknarnefnda og héraðsnefnda nr. 5/1880,²⁰ lög um umsjón og fjárhald kirkna nr. 13/1882,²¹ sem og lög um hluttöku safnaða í veitingum brauða nr. 1/1886.²² Leiddu þessi lög til að söfnuðir urðu til hér sem félags- og fjárhagslegar grunneiningar kirkjunnar með sameiginleg réttindi og skyldur og nokkra aðkomu að stjórn eigin mála. Fyrir þennan tíma hafði einkum reynt á persónulegt samband hvers einstaklings við sóknarprest og kirkjueiganda á hverjum stað. Fyrstu lög sem skilgreindu trúfrelsi í landinu og skýrðu rétt þeirra er stóðu utan þjóðkirkju nefndust lög um utanþjóðkirkjumenn nr. 4/1886.²³ Voru þau undanfari núgildandi laga um skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög. Öll þessi löggjöf þótti þó ekki ganga nægilega langt hvorki í að skilgreina tengsl ríkis og þjóðkirkju né tryggja raunverulegt trúfrelsi. Áfram var því deilt um hvort þessum markmiðum yrði náð innan þjóðkirkjufyrirkomulags eða hvort aðskilja þyrfti ríki og kirkju til að þau yrðu að veruleika.

¹⁵ *Stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands* (46. og 47. gr.), sótt 11. maí 2018 af https://www.stjornarradid.is/media/forsætisraduneyti-media/media/stjornarskra/1874_stjornarskra.pdf. Sbr. 63. og 64. gr. núgildandi stjórnarskrár. *Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands* nr. 33/1944, *althingi.is*, sótt 15. september 2017 af <http://www.althingi.is/lagas/nuna/1944033.html>.

¹⁶ *Danmarks riges grundlov*, 5. juni 1849 (Junigrundloven), danmarkshistorien.dk, sótt 1. nóvember 2017 af <http://danmarkshistorien.dk/leksikon-og-kilder/vis/materiale/danmarks-riges-grundlov-af-5-juni-1849-junigrundloven/#indhold7>.

¹⁷ Ósvífr, „Sundlausar hugsanir um prestamálið og laun embættismanna [Niðurl.]“, *Skuld* 37/1878, d. 435.

¹⁸ „Ný tímarit“, *Nýja öldin* 13/1899, bls. 49–50, hér 50.

¹⁹ Hjalti Hugason, „Kirkjuskipan fyrir 21. öld. Fyrsta grein. Forsendur kirkjuskipanar fyrir íslensku þjóðkirkjuna“, *Ritröð Guðfræðistofnunar* 38/2014, bls. 32–51, hér 32–34, *ojs.hi.is*, sótt 12. nóvember 2018 af https://ojs.hi.is/ritrodgudfraedistofnunar/article/view/1352/pdf_4.

²⁰ *Stjórnartíðindi*, 1880, bls. 28–31. Magnús Jónsson, *Alþingi og kirkjumálin 1845–1943*, Reykjavík: Alþingsisögufund, 1952, bls. 25–26.

²¹ *Stjórnartíðindi*, 1882, bls. 76–79. Magnús Jónsson, *Alþingi og kirkjumálin*, bls. 61. Bjarni Sigurðsson, *Geschichte und Gegenwartsgestalt*, bls. 234–235.

²² *Stjórnartíðindi*, 1886, bls. 2–7. Magnús Jónsson, *Alþingi og kirkjumálin*, bls. 39. Bjarni Sigurðsson, *Geschichte und Gegenwartsgestalt*, bls. 236–239.

²³ *Stjórnartíðindi*, 1886, bls. 16–23. Magnús Jónsson, *Alþingi og kirkjumálin*, bls. 32. Bjarni Sigurðsson, *Geschichte und Gegenwartsgestalt*, bls. 372–375.

Lykilbngtakið aðskilnaður

Með aðskilnaði ríkis og kirkju er í þessari grein átt við að heimild í 2. mgr. 62. gr. núgildandi stjórnarskrár um að breyta megi „kirkjuskipan ríkisins“ með lögum sé nýtt í þeim tilgangi að afnema réttarfarslega sérstöðu þjóðkirkjunnar samanborið við önnur trú- og lífsskoðunarfélög.²⁴ Þetta er mögulegt að gera með því að breyta ákvæðinu þannig að kveðið væri á um jafnan stuðning og vernd öllum trú- og lífsskoðunarfélögum landsmanna til handa eða fella með öllu brott þá skyldu sem í ákvæðinu felst.²⁵

Yrði þessari heimild beitt til að koma á aðskilnaði þyrfti einnig að fella úr gildi, eða a.m.k. að einfalda mikið, sérlög um þjóðkirkjuna. Einnig þyrfti að endurskoða einstök ákvæði annarra laga er kveða á um stöðu þjóðkirkjunnar eða stuðning og vernd ríkisvaldsins við hana þannig að tryggt væri að þjóðkirkjan nyti engrar ómál-efnalegrar sérstöðu miðað við önnur trú- eða lífsskoðunarfélög. Aftur á móti væri nauðsynlegt að taka tillit til hlutverka og skyldna sem þjóðkirkjan væri talin bundin af umfram önnur trú- og lífsskoðunarfélög, jafnvel eftir aðskilnað. Hugsanlegt er einnig að yfirburðastærð þjóðkirkjunnar miðað við önnur slík félög verði talin kalla á, eða a.m.k. réttlæta, sérlög eða einstök lagaákvæði um stöðu hennar. Réttur þjóðkirkjunnar til gagngjalds fyrir fornar kirknaeignir og önnur hliðstæð atriði vega jafnframt það þungt að líklegt er að það kalli á sérstök lög.²⁶ Langsótt virðist á hinn bóginn að þjóðkirkjulög eigi nú, á dögum trúarlega óháðs ríkisvalds, að kveða á um stjórn og starfshætti kirkjunnar eins og núgildandi lög gera.²⁷

Frá upphafsskeiði þjóðkirkju í landinu hafa margháttaðar breytingar verið gerðar á stjórn hennar og stöðu. Þær helstu urðu á lokaáratugi 20. aldar og ekki síst er núgildandi þjóðkirkjulög öðluðust gildi 1. janúar 1998.²⁸ Voru þær svo víðtækar að rétt hefur þótt að ræða um „nýju, íslensku þjóðkirkjuskipanina“ til aðgreiningar frá þeirri gömlu. Miðuðu flestar breytingarnar að því að auka sjálfstæði þjóðkirkjunnar.²⁹ Í þeim felst vissulega mikil stofnunarleg aðgreining frá ríkisvaldinu án þess þó að um aðskilnað í fyrrgreindri trúarpólítískri merkingu sé að ræða. Umræðan um aðskilnað ríkis og kirkju sem hér er til athugunar er því enn óútkljáð.

²⁴ Með kirkjuskipan ríkisins er hér átt við þjóðkirkjuákvæðið í 1. mgr. 62. gr. sbr. 2. mgr. 79. gr. *Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands* nr. 33/1944, *althingi.is*, sótt 15. september 2017 af <http://www.althingi.is/lagas/nuna/1944033.html>.

²⁵ *Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands* nr. 33/1944 (62. gr., sjá og 79. gr.), *althingi.is*, sótt 15. september 2017 af <http://www.althingi.is/lagas/nuna/1944033.html>.

²⁶ Þegar rætt er um fornar jarðeignir í eigu kirkna er almennt rætt um kirkjujarðir enda voru þær ætíð í eigu einstakra kirkna eða eftir atvikum annarra kirkjulegra stofnana. Þegar rætt er um kirkjujarðir nú á dögum, t.d. í sambandi við svokallað kirkjujarðasamkomulag, virðist oft litið svo á að um sé að ræða jarðir sem verið hafi í eigu þjóðkirkjunnar sem slíkrar. Slík merking öðlast þó fyrst gildi eftir 1907 er jarðirnar tóku allar saman að mynda eignahöfuðstól sem stendur undir launum presta og annarra tiltekinna starfsmanna þjóðkirkjunnar. Til að minna á hina upprunalegu merkingu orðsins verður rætt um kirknaeignir í þessari grein.

²⁷ *Lög um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar* nr. 78/1997, *althingi.is*, sótt 12. nóvember 2018 af <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1997078.html>. Sjá og Hjalti Hugason, „Kirkjuskipan fyrir 21. öld“ 1.–3. grein, sem birtust í *Ritröð Guðfræðistofnunar* 38–40, 2014–2015, opinn rafrænn aðgangur á *ojs.hi.is*.

²⁸ *Lög um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar* nr. 78/1997, *althingi.is*, sótt 12. nóvember 2018 af <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1997078.html>.

²⁹ Hjalti Hugason, „Kirkjuskipan fyrir 21. öld: Fyrsta grein“, bls. 32–34.

Í þessari grein og annarri sem á eftir fylgir verður fjallað um umræðu um aðskilnað ríkis og kirkju eins og hún spannst einkum í landsmálablöðum hér á landi á tímabilinu 1878 til 1915. Til að gæta samfellunnar í umræðunni og gefa fyllri mynd verður þó einnig tekið tillit til skrifa í kirkju- og/eða trúarlegum málgögnum að svo miklu leyti sem þau fléttuðust inn í almennu umræðuna. Þá verður vikið að umræðu um aðskilnaðarmálið í íslenskum blöðum í Vesturheimi eftir því sem nauðsyn krefur. Grafist verður fyrir um hvaða stefnumál birtust í umræðunni, hvaða rökum var beitt fyrir aðskilnaði eða á móti honum, sem og hvaða einstök málefni menn töldu að hafa þyrfti í huga við framkvæmd aðskilnaðar. Líta ber á þá greiningu sem hér verður gerð sem kirkju- og hugmyndasögulega.

Í þessari fyrri grein verður grafist fyrir um upphaf umræðunnar og rakið hvernig tvær meginlínur komu fram. Snerist önnur um að stefnt yrði að sjálfstæðri þjóðkirkju í áframhaldandi sambandi við ríkið en hin um að ráðist skyldi í aðskilnað. Í síðari greininni verður vikið að umræðum um afmarkaða þætti aðskilnaðarins, svo sem hvað skyldi verða um kirknajarðir og hvernig málefnum almenningsfræðslunnar skyldi fyrir komið eftir aðskilnað en þau voru aðallega á könnu kirkjunnar við upphaf umræðunnar. Þar verður einnig gerð sérstök grein fyrir trúarlegum sjónarmiðum sem fram komu í umræðunni. Loks verður gerð grein fyrir þeim þáttaskilum sem urðu með stjórnarskrárbreytingum 1915.

Upphaf tímabilsins markast af því að fyrsta greinin þar sem haldið var fram aðskilnaði birtist árið 1878. Lok þess miðast aftur á móti við að 1915 voru staðfestar stjórnarskrárbreytingar þar sem tekið var verulegt tillit til gagnrýni á ríkjandi skipan sem fram hafði komið í aðskilnaðarumræðunni. Kaflaskil urðu því í henni að breytingunum áorðnum.

Höfundur hefur áður ritað um ýmsa þætti sem tengjast umfjöllunarefni þessarar greinar. Í 31. hefti *Ritradar Guðfræðistofnunar* var birt grein um þróun sjálfstæðrar þjóðkirkju á öndverðri 20. öld og þá einkum tilraunir til að koma á kirkjuþingi. Í næstu þremur heftum var fjallað um stefnu Þórhalls Bjarnarsonar (1855–1916), prestaskólakennara og síðar biskups (frá 1908), á sviði kirkjumála á tímabilinu 1893–1916 og síðan um áframhaldandi umræður um aðskilnað ríkis og kirkju eða sjálfstæða þjóðkirkju annars vegar á almennum prestastefnum Þórhalls á árunum 1909 og 1910 en hins vegar meðal presta áfram til 1916. Fyllir sú athugun sem hér birtist út í þá mynd sem þar var dregin upp og breikkar hana út fyrir kirkjuna.³⁰ Áformað er að fjalla síðar um bein afskipti Alþingis af aðskilnaðarmálinu. Hér verður því aðeins dregið á þau eftir því sem nauðsynlegt er vegna almennu umræðunnar og á það einkum við um umræður á þinginu 1909.

Pétur Pétursson hefur víða fjallað um kröfur um aðskilnað ríkis og kirkju um aldamótin 1900 og túlkað þær sem hluta af baráttu Íslendinga fyrir auknu valdi og

³⁰ Þá hefur höfundur ritað tvær greinar um þjóðkirkju og trúfrelsi í stjórnarskrá landsins. Hjalti Hugason, „Þjóðkirkja og trúfrelsi. Saga og þróun trúmálabálks stjórnarskrárinnar 1874–1995“, *Glíman* 2011, bls. 167–193. Hjalti Hugason, „Þjóðkirkja og trúfrelsi. Inntak og merking“, bls. 151–181.

sjálfstæði í eigin málum. Þannig hefur hann tengt aðskilnaðarumræðuna við þjóð-ernisþólítísk sjónarmið sjálfstæðisbaráttunnar.³¹ Um þessa túlkun Péturs er það að segja að með stöðulögunum frá 1871 voru Íslendingum veitt sérstök landsréttindi sem þó fullnægðu alls ekki kröfum þeirra um sjálfstæði. Jafnframt voru afmörkuð sérstök málefni sem þeir skyldu fara með sjálfir. Meðal þeirra níu málaflokka sem þar með voru gerðir að innanríkismálum voru kirkju- og kennslumálefni.³² Á þessum sviðum hafði landið „[...] löggjöf sína og stjórn útaf fyrir sig [...]“ samkvæmt stjórnarskránni um hin „sjerstaklegu“ málefni Íslands frá 1874.³³ Þá var prestsmentunin innlent málefni að því undanskildu að tæplega 20 prestar sóttu menntun til Hafnarháskóla eftir tilkomu Prestaskólans (1847). Nokkur táknræn, kirkjuleg tengsl voru þó við dönsku kirkjuna, einkum þau að íslensk biskupsefni urðu að sækja vígslu til Kaupmannahafnar. Íslensku biskupunum hafði vissulega verið veitt heimild til að vígja hver annan 1789.³⁴ Eftir sameiningu biskupsdæmanna um aldamótin 1800 féll sú skipan þó um sjálfa sig og fóru biskupsvígslurnar fram ytra uns Hallgrímur Sveinsson vígði Þórhall Bjarnarson hér heima að frumkvæði hins síðarnefnda. Í kjölfarið voru síðan samþykkt lög um vígslubiskupa 1909 til að tryggja að vígslur gætu eftirleiddis farið fram innanlands.³⁵ Í umræðum á Alþingi við setningu þeirra laga gætti skýrra þjóðernislegra og þjóðræknilegra sjónarmiða.³⁶ Vandséð er þó að kirkjumálin hafi þurft að vera eða hafi í raun verið sérstakur átakapunktur í sjálfstæðisbaráttunni eftir setningu stöðulaganna og síðar stjórnarskrárinnar. Umræðunni lauk heldur hvorki með heimastjórn, fullveldi eða þess vegna stofnun lýðveldis. Hér verður samt öðrum þræði látið reyna á þessa túlkun

³¹ Pétur Pétursson, *Church and Social Change: A Study of the Secularization Process in Iceland since 1830*, 3. útg., Reykjavík: [s.n.], 2017, bls. 104–114. Pétur Pétursson, „Þjóðkirkja, frelsi og fjölbreytni“, *Til móts við nútímann*, Kristni á Íslandi 4, ritstj. Hjalti Hugason, Reykjavík: Alþingi, 2000, bls. 197–421, hér 237–239, 242. P.P. segir t.a.m. að engin innlend hreyfing hafi hröflað við fastmótuðu samfylgdarkerfi ríkis og kirkju hér fyrir en á 9. tug 19. aldar og á þar við stofnun fríkirkjusafnaðar á Reyðarfirði sem hann skilgreinir sem „fyrstu atlöguna“ að sambandi ríkis og kirkju hér. Þessa andófs gætti þó á mjög þröngu sviði þar sem uppruna þessarar atlögu var að finna í óánægju með skipun sóknarprests (sjá síðar). Umræða um aðskilnað ríkis og kirkju á breiðum grundvelli var aftur á móti hafin hér nokkru fyrir, eins og fram kemur í þessari grein. Tengir P.P. fyrgreinda hreyfingu við pólitískt andóf gegn dönskum yfirvöldum: Pétur Pétursson, „Streiti á móti trúfrelsi: Trúarlegir minnihlutahópar og sjálfstæðisbarátta Íslendinga á seinni hluta 19. aldar“, *Ritrið Guðfræðisstofnunar* 19/2004, bls. 68–88, hér 71. Þá telur P.P. að Þórhallur Bjarnarsonar (1855–1916) hafi aðhyllt aðskilnað ríkis og kirkju þar til hann varð biskup en í biskupstíð sinni (1908–1916) hafi hann keppt að því að kirkjan yrði frjálsslynd, umburðarlynd og þjóðleg stofnun. Þá telur hann að tengsl ríkis og kirkju hafi ekki verið talin orka jafn mikils tvímælis í biskupstíð Jóns Helgasonar (1866–1942), eftirmanns Þ.B.: Pétur Pétursson, „Frelsi landanna“: Ný guðfræði og þjóðfrelsisbarátta Íslendinga í upphafi 20. aldar“, *Rannsóknir í félagsvísindum 7: Félagsvísindadeild: Erindi flutt á ráðstefnu í október 2006*, ritstj. Úlfar Hauksson, [s.l.]: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 2006, bls. 149–160, hér 154–157. Um þessa túlkun verður einkum fjallað í síðari grein í þessum flokki. P.P. setur þó aðskilnaðarumræðuna einnig í víðtækara samhengi og nefnir þá til mörg sömu atriði og hér er gert. Sjá t.d. Pétur Pétursson, „Þjóðkirkja, frelsi og fjölbreytni“, bls. 237–241. Hvað sem segja má um tengsl aðskilnaðarumræðunnar almennt og þjóðfrelsisbaráttunnar skal tekið undir með P.P. um að stofnun fríkirkjusafnaða í Reykjavík (1899) og Hafnarfirði (1913) hafi öðrum þræði verið stéttapólitísku eðlis. Pétur Pétursson, „Þjóðkirkja, frelsi og fjölbreytni“, 240–241.

³² Auk kirkju og kennslumála urðu þessir málaflokkar að innanríkismálum: borgaraleg lög, hegningarlög og dómgæsla að hæstarétti sem var áfram sameiginlegur með Danmörku, lögreglumálefni, lækna- og heilbrigðismálefni, sveita- og fátækramálefni, vegir og póstsamgöngur, atvinnuvegir, skattamál og umsjá þjóðareigna, opinberra stofnana og sjóða: *Lög um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu*, nr. 1/1871, *Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands* 3, Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmennafélag, 1875, bls. 123–125.

³³ *Stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands* (1. gr.), *stjornarradid.is*, sótt 11. maí 2018 af https://www.stjornarradid.is/media/forsaetisraduneyti-media/media/stjornarskra/1874_stjornarskra.pdf.

³⁴ *Lovsamling for Island* V, 1855, bls. 652–653.

³⁵ Pétur Pétursson, „Þjóðkirkja, frelsi og fjölbreytni“, bls. 197–421, hér 242.

³⁶ *Alþingistíðindi* BI, 1909, d. 604–617; *Alþingistíðindi* BII, 1909, d. 1141–1183.

þegar umræðan um aðskilnað ríkis og kirkju í landsmálablöðunum er annars vegar. Verður það einkum gert í síðari greininni.

Aðskilnaðarleiðin verður til

Við gildistöku stjórnarskrárinnar 1874 var sú trúarpólitíska stefna fest í sessi að í landinu ætti að vera trúfrelsi en að hið opinbera skyldi styðja og vernda trúarhefð landsmanna sem tilheyrðu þá allir lúthersku kirkjunni vegna fyrri skylduaðildar sinnar að henni.³⁷ Í umræðunni um hvernig hrinda skyldi þessum grundvallarstefnumálum trúmálaréttarins í framkvæmd komu fljótt fram tvær leiðir sem hér verða nefndar *löggjafarleið* og *aðskilnaðarleið*. Í löggjafarleiðinni fólst að auka skyldi trúfrelsi einstaklinganna og sjálfstæði þjóðkirkjunnar með löggjöf sem kvæði á um þessi atriði. Var þróun „gömlu, íslensku þjóðkirkjuskipanarinnar“ viðleitni í þá átt. Aðskilnaðarleiðin fól aftur á móti í sér fullan aðskilnað ríkis og kirkju og/eða trúmála sem gerði löggjöf á þessu sviði að mestu óþarfa. Sigurður P. Sívertsen (1868–1938), þá prestur á Hofi í Vopnafirði en síðar guðfræðiprófessor, leit á fylgjendur beggja leiðanna sem „kirkjulega framsóknarmenn“ og lýsti afstöðu þeirra svo:

Í öðrum flokknum eru þeir, sem vilja, að kirkja vor verði *frjáls þjóðkirkja*, með sjálfstæði og sjálfstjórn í eigin málum, en í sambandi við ríkið.

Í hinum flokknum eru aftur á móti þeir, sem vilja afla kirkjunni sjálfstæði [svo] með því að *slíta með öllu þau bönd, er nú binda saman ríki og kirkju*.³⁸

Virðist þetta málefnaleg greining þar sem báðir flokkarnir mæltu fyrir umfangsmiklum breytingum í frjálsræðisátt á sviði trú- og kirkjumála frá því sem verið hafði þótt þá greindi á um markmið og leiðir.

Aðskilnaðarleiðin varð vissulega öðrum þræði til sem viðbrögð við skrifum manna sem héldu fram löggjafarleiðinni. Hún átti sér þó jafnframt eldri rætur. Af þeim sökum verður fjallað um hana á undan löggjafarleiðinni. Fyrst verður þó vikið að upphafi umræðunnar áður en aðskilnaðarleiðin var komin fram sem skýrt mörkuð stefna.

Aðskilnaðarumræða hefst

Umræðan um aðskilnað ríkis og kirkju hófst eins og þegar hefur komið fram aðeins fjórum árum eftir að þjóðkirkjufyrirkomulag var innleitt með stjórnarskránni 1874 og þar með áður en það var útfært með lögum. Upphaf umræðunnar er þó ekki aðeins að rekja til þeirra trúarpólitísku viðfangsefna sem af stefnu stjórnarskrárinnar

³⁷ Á þessu voru nokkrar undantekningar og þessar eru helstar: Fyrir daga trúfrelsis var erlendum ríkisborgurum heimilt að iðka trú sína í kaupstöðum landsins á grundvelli tilskipana frá 8. áratugi 18. aldar en ekki máttu Íslendingar vera viðstaddir helgihald þeirra. Um 1850 snerust nokkrir Íslendingar til mormónatrúar en hurfu fljótt vestur um haf eða köstuðu trú sinni. Þá snerust tveir synir Stefáns Gunnlaugssonar (1802–1883), land- og bæjarfógeta í Reykjavík, til rómversk-kaþólskrar trúar erlendis um svipað leyti. Þessum Íslendingum var í raun óheimil landvist þar til stjórnarskráin gekk í gildi 1874. Dönsk stjórnvöld vildu þó ekki halda fram harðri stefnu gagnvart þeim þar sem grundvallarlögin 1849 komu á trúfrelsi sem stjórnvöld vildu að næði til allra þegna konungs. Í manntali 1880 gefa þrír menn ekki upp neina trú, 12 eru skráðir þannig 1890 en 10 árum síðar eru þeir orðnir rúmlega 60. Gunnar F. Guðmundsson, *Kaþólskt trúboð á Íslandi 1857–1875*, Ritsafn Sagnfræðistofnunar 17, ritstj. Jón Guðnason, Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, 1987, bls. 33–37. Þórunn [Jarla] Valdimarsdóttir, „Öld frelsis, lýðvalds og jafnaðar“, *Til móts við nútímann*, Kristni á Íslandi 4, ritstj. Hjalti Hugason, Reykjavík: Alþingi, 2000, bls. 9–195, hér 45, 54–56.

³⁸ „Kirkjuþing“, *Nýtt kirkjublað* 11/1907, bls. 129–134, hér 130.

leiddu. Þvert á móti spratt hún öðrum þræði af deilum um launamál presta og rekstur þjóðkirkjunnar að öðru leyti. Saman við þær spunnust svo vangaveltur um verðleika presta og ávirðingar, sem og rétt safnaða til að velja sér presta og jafnvel setja þá af ef þeir reyndust óverðugir. Á slíku ráðningarvaldi í höndum safnaðanna þótti framtíð þjóðkirkjunnar mjög velta. Í framhaldinu var síðan vakin athygli á að kirkjan væri við það að verða utanveltu í samfélaginu og væri prestum þar helst um að kenna. Þessar deilur voru oft kallaðar „prestamálið“.³⁹ Að þessu leyti má segja að upphaf krafna um aðskilnað ríkis og kirkju sé að rekja til þverrandi stöðu kirkjunnar í samfélaginu og óánægju með að almenningur hefði engin áhrif á hvaða prestar þjónuðu í heimasókn hvers og eins ásamt gagnrýni í garð stéttarinnar sem slíkrar. Eins og á stóð var eðlilegt að gagnrýni á kirkjuna beindist að prestunum þar sem öðrum var ekki til að dreifa í embættiskirkju 19. aldar áður en sóknarnefndir og aðrar kirkjulegar stofnanir tóku til starfa. Auk þessara innlendu ástæðna fyrir umræðum um aðskilnað komu svo áhrif frá hliðstæðum umræðum víða í Evrópu, sem og aðstæðum í Vesturheimi, en þangað höfðu Íslendingar flust unnvörpum, samið sig í kjölfarið að tilhögun kirkjumála þar og stofnað eigin kirkjufélög.

Sumarið 1878 ritaði Indriði Einarsson (1851–1939) hagfræðingur tvær greinar í *Skuld*, blað Jóns Ólafssonar. Þar lét hann í ljósi þá skoðun að þrátt fyrir að prestar væru almennt svo tekjulágir að rétt væri að bæta kjör þeirra væru kirkjumálin þjóðinni óhóflega dýr vegna smæðar prestakalla og fjölda presta.⁴⁰ Samt áleit Indriði engu breyta um kirkjulega þjónustu í landinu þótt útgjöld til kirkjumála yrðu stórlega aukin til að bæta kjör prestastéttarinnar eins og tillögur væru þó uppi um. Einnig áleit hann líklegt að tengsl presta og sóknarfólks myndu rofna ef prestarnir yrðu embættismenn sem nytu fastra launa frá ríkinu.⁴¹ En á þessu méli álitu margir að hið forna tekjukerfi prestanna tryggði nokkurt samband presta og sóknarbarna þeirra en þau voru skyldug til að greiða prestunum beint margháttuð gjöld, ala fyrir þá lömb og sinna fleiri kvöðum, í það minnsta ef prestarnir sátu prestsetur, eins og víðast var. Áleit Indriði að eina raunhæfa leiðin til að bæta kjör presta væri að fækka brauðum til að auka tekjurnar af þeim sem eftir stæðu eða „[...] að fá kyrkjur og presta alt í safnaðanna vald [...]“ og láta prestunum eftir að semja við söfnuðina um hve mörgum kirkjum þeir þjónuðu og gegn hvaða gjaldi. Prestar gætu svo kosið prófasta og biskup.⁴² Benti hann á að hugmyndum um fækkun prestakalla hefði verið hreyft í *Nýjum félagsritum* og á Alþingi og vísaði þar til nefndarstarfa á þingi 1877.⁴³ Indriði hreyfði þó þeirri hugmynd í víðtækara samhengi við skipan kirkjumála í landinu. Af skrifum hans er samt ekki ljóst hvort hann vildi útfæra hugmynd sína út frá aðskilnaðar- eða löggjafarleiðinni og sem hann vildi þá útfæra á mjög róttækan hátt. Þó virðist síðari tillaga hans, þ.e. að fela söfnuðum og prestum

³⁹ Hjalti Hugason, „... úti á þekju þjóðlífsins“. Samband þjóðkirkju og þjóðar við upphaf 20. aldar“, *Glíman – Sérri* 2/2010, bls. 97–125.

⁴⁰ Indriði Einarsson, „Prestamálið“, *Skuld* 23/1878, d. 271–273.

⁴¹ Indriði Einarsson, „Prestamálið [Niðurl.]“, *Skuld* 24/1878, d. 279–280.

⁴² Sama rit, d. 279.

⁴³ Sama rit, d. 280. Sjá „VIII. MÁL SNERTANDI ANDLEGU STÉTTINA“, *Ný félagsrit* 1846, bls. 71–90, hér 88–90. *Alþingistíðindi* II, 1877, bls. 570–571. Í hugmyndum I.E. virðist felast að söfnuðir veldu sér presta. Prestskosningum hafði einnig verið hreyft í *Nýjum félagsritum* og þá í tengslum við frumvarp þess efnis sem fram var komið í Danmörku en náði ekki fram að ganga í það sinn: H., „II: Um prestakosningar.“, *Ný félagsrit* 1871, bls. 128–147.

landsins víðtæk völd, hafa það í för með sér að afskipti hins opinbera af kirkjumálunum yrðu að mestu óþörf og þar með yrði í raun um aðskilnað að ræða hvað sem trúarpólitískum markmiðum leið.

Þótt það komi ekki skýrt fram kann að vera að Indriði Einarsson hafi í raun viljað að aðskilnaður ríkis og kirkju yrði gerður og þá með þeim hætti að söfnuðir tækju sig saman í heilu lagi um að skilja sig frá þjóðkirkjunni og fengju þá að halda kirkjubyggingum sínum og eignum þeirra. Þessa aðferð mætti nefna safnaðaaðferð eða *kongregasjónalíska* aðferð til að koma á aðskilnaði. Samkvæmt henni var ekki að því stefnt að á kæmist samfelld fríkirkja eftir slíkan aðskilnað heldur aðeins óháðir eða sjálfstæðir fríkirkjusöfnuðir. Þeir gætu svo að eigin ósk bundist einhverjum samtökum eða staðið utan þeirra ef þau tækjust milli einhverra safnaða. Þingmennirnir Björn Bjarnason (1856–1951) og Hannes Þorsteinsson (1860–1935) lögðu fram á Alþingi 1901 frumvarp um óháð sjálfsstjórnarkirkjufélög þar sem gert var ráð fyrir að þessari safnaðaaðferð yrði beitt. Nefnd sem fjallaði um málið klofnaði og kom það ekki til frekari umræðu.⁴⁴ Þórhallur Bjarnarson snerist síðar á þessa sveif einhvern tímamann á tímabilinu 1909–1911 en áður hafði hann litið svo á að eftir aðskilnað ætti ein sameinuð fríkirkja að leysa þjóðkirkjuna af hólmi (sjá síðar).⁴⁵ Það mælir þó á móti þessari túlkun á hugmyndum Indriða að hann gerði ráð fyrir að prófastar og biskup störfuðu áfram en væru vissulega kosnir af prestum en ekki skipaðir af yfirvöldum eins og lög kváðu á um. Hann gerði því sýnilega ráð fyrir stofnunargerðri kirkju yfir hinna samningsbundnu skiptingu landsins í starfssvæði presta. Aftur á móti verður ekki úr því skorið hvort hann hugsaði sér hana sem fríkirkju eða sjálfstæða þjóðkirkju.

Síðla sama ár, 1878, birtust svo í *Skuld* tvær skorinorðar greinar um þessi mál undir höfundarheitinu „Ósvífr“ þar sem tekið var undir með Indriða Einarssyni.⁴⁶ Í greinunum kom „prestamálið“ fram í hnotskurn en höfundur komst að þeirri niðurstöðu með vísan til útreikninga Indriða að prestastéttin kostaði þjóðina að minnsta kosti „[...] hérumbil þrjár krónur fyrir nef hvert [...]“.⁴⁷ Komst hann meðal annars svo að orði um stéttina að hún væri orðin lítills virði miðað við þann kostnað sem hún hefði í för með sér og að þeir prestar sem á annað borð gerðu gagn vægju tæpast upp það ógagn sem hinir yllu. Ályktaði hann sem svo: „Prestastéttin er, eins og hún er nú, til niðurdreps bæði sjálfri sér, allri trú og sönnum kristindómi. Þetta játa margir góðir menn, lærðir og leikir, prestar og aðrir.“⁴⁸

Í framhaldinu bryddaði „Ósvífr“ upp á aðskilnaði ríkis og kirkju sem raunhæfustu leiðinni til að leiða þetta ófremdarástand til lykta:

⁴⁴ *Alþingistíðindi* C, 1901, bls. 182–184; Magnús Jónsson, *Alþingi og kirkjumálin*, bls. 29.

⁴⁵ Hjalti Hugason, „Þróun sjálfstæðrar þjóðkirkju á öndverðri 20. öld. Sjálfstæði eða aðskilnaður? Kirkjupólitik Þórhalls Bjarnarsonar 1893–1916, *Ritvöð Guðfræðistofnunar* 32/2011, bls. 20–47, hér 27–34, 42.

⁴⁶ [Ósvífr], „Sundrlausar hugsanir um prestamálið og laun embættismanna“, *Skuld* 36/1878, d. 421–429; Ósvífr, „Sundrlausar hugsanir ... [Niðurl.]“, d. 433–440.

⁴⁷ Sama rit, d. 434–435.

⁴⁸ Sama rit, d. 434.

Eina ráðið til að bæta úr þessu er, eins og svo margir hafa fundið, að **aðskilja ríki og kirkju**, enda hafa þau ekkert saman að selda. Það tjáir eigi að lögbjóða mönnum vissa trú. Trúin er helg eign hvers eins, er enginn fær frá honum tekið. Trúarbragðafrelsið á sér í rauninni eigi stað hjá oss, nema á pappírnum, meðan ríkiskyrkjan er við líði og þjónar hennar eru kvaddir af kóngi og stjórn hans, og þeim er boðið að kenna vissar kreddur.⁴⁹

Í þessari — líklega fyrstu — grein í héraendu landsmálblaði þar sem beinlínis var mælt fyrir aðskilnaði ríkis og kirkju er því millibilsástandi lýst vel sem ríkti áður en þjóðkirkju- og trúfrelsisákvæði stjórnarskrárinnar voru útfærð með lögum. „Ósvífr“ hélt aðskilnaði ríkis og kirkju fram einkum til að tryggja trúfrelsið. Röksemdafærsla hans byggðist því aðallega á mannréttindarökum. Einnig var honum þó algjört áhrifaleysi almennings í kirkjumálum ofarlega í huga. Lýðræðisvæðing í kirkjunni vó því einnig þungt í baráttu hans fyrir aðskilnaði. Um það leyti sem greinin var skrifuð veittu stiftsyfirvöld, þ.e. biskup og landshöfðingi, öll prestaköll landsins í umboði konungs að nokkrum tekjuhæstu köllum undanskildum sem konungur veitti sjálfur.⁵⁰ Prestar voru því konunglegir embættismenn. Ummæli greinarhöfundarins um konung og stjórn hans er því vissulega mögulegt að túlka á þjóðernispólitískan máta. Hér er það þó talin oftúlkun og fremur litið svo á að lýðræðishugsjón ráði orðalaginu og að „Ósvífr“ hafi viljað flytja veitingarvaldið til safnaðanna.

Helstu skrefin í aðskilnaði taldi „Ósvífr“ vera að afhenda söfnuðunum sóknarkirkjurnar með eignum þeirra en jafna eignunum jafnframt milli safnaða „[...] eftir réttu hlutfalli [...]“ en láta þá síðan sjálfa um að ráða til sín presta, semja við þá um kjör og sameinast um að halda saman prest þar sem það hentaði.⁵¹ Hann var því sammála róttækari hugmyndinni sem Indriði Einarsson hafði reifað. Þá leit hann svo á að það væri ekki „[...] nein siðferðisleg skylda safnaðarins, að gjalda þeim prestum laun, er með valdi er upp á hann troðið, sem og einungis er kennimaðr að nafni en eigi gagni.“⁵² Hér krafðist hann sem sé óskoraðs réttar safnaðanna til að ráða yfir prestum sínum og þar á meðal raunar starfssvæðum prestanna eða prestkallaskipan landsins sem þannig yrði samningum háð.

Hugmyndir greinarhöfundar í þessu efni voru að sönnu mun róttækari en sú stefna sem fylgjendur löggjafarleiðarinnar fylgdu almennt og hann vildi ganga lengra í lýðræðisátt í kirkjunni en gert hefur verið á þeim 140 árum sem liðin eru frá því að greinin var rituð. Má raunar líta svo á að hann hafi viljað koma hér á fullkomlega sjálfráðum söfnuðum. Hann lagði þó ekki til að fella bæri þjóðkirkjuákvæði stjórnarskrárinnar úr gildi. Hann virðist því fremur mæla fyrir þeirri praktísku leið til að leysa „prestamálið“ svokallaða með breyttri löggjöf en með aðskilnaði ríkis og kirkju í eiginlegum trúarpólitískum skilningi. Aðskilnaðar- og löggjafarleiðin virðast því ekki enn hafa mótast skýrt í hugum manna.

⁴⁹ Sama rit, d. 435.

⁵⁰ Jón Pétursson, *Íslenskur kirkjurjettur*, Reykjavík: Prentsmiðja E. Þórðarsonar, 1863, bls. 60–62. Bjarni Sigurðsson, *Geschichte und Gegenwartsgestalt*, bls. 176.

⁵¹ Ósvífr, „Sundrlausar hugsanir ... [Niðurl.]“, d. 435. Sjá og „Kyrkjumálið: II“, *Skuld*, 75/1879, d. 178–182, hér 182.

⁵² Ósvífr, „Sundrlausar hugsanir ... [Niðurl.]“, d. 435–436. Framar í skrifum sínum hafði Ósvífr gagnrýnt að margir prestar væru óreglusamir eða á annan máta óhæfir til starfs.

Meginsjónarmiðin í greinum „Ósvífrs“ komu annars heim og saman við stefnu *Skuldar* sjálfrar eins og ritstjórinn, Jón Ólafsson, lýsti henni nokkrum tölublöðum síðar er hann ritaði: „Það, sem vér viljum vinna þjóðinni, er **frelsi**; en með því meinum vér ekki stjórnarskrár-þref og pappírsfrelsi.“⁵³ Þar með virðist mega álykta að stefnumál *Skuldar* hafi einkum verið á sviði mannréttinda og að blaðið hafi lagt meiri áherslu á trúfrelsið en þróun þjóðkirkjuskipanarinnar sem slíkrar. Efnislega útfærði Jón svo stefnu blaðsins og sína varðandi aðskilnað ríkis og kirkju árið eftir (1879) í svari við skrifum Þórarins Böðvarssonar (1825–1895), prests í Görðum á Álftanesi, alþingismanns og ritstjóra *Kirkjutíðinda fyrir Ísland*, en hann var einn helsti málsvari löggjafarleiðarinnar (sjá síðar). Kröfu sína um aðskilnað rökstuddi Jón þá fyrst og fremst út frá skilningi sínum á eðli ríkisins og hlutverki þess auk almennra mannréttindasjónarmiða.

Jón Ólafsson leit á ríkið sem samfélag fólks sem lyti sameiginlegri veraldlegri stjórn óháð þjóðerni og trúarbrögðum. Hlutverk ríkisins var að hans mati að tryggja frelsi, frið og hagsæld borgaranna í veraldlegum efnum. Til að ná þessum markmiðum taldi hann að ríkið yrði að ganga út frá eigin siðalögmáli sem hefði nytsemdina að leiðarljósi (þetta nefndi hann „utilitets-princip“). Af þessum sökum leit hann svo á að ríkið hlyti að vera „án trúar“, þ.e. vera hlutlaust í trúarefnum. Jón leit aftur á móti svo á að hlutverk kirkjunnar fælist í að tryggja eilífa farsæld í öðru lífi á grundvelli yfirnáttúrulegrar opinberunar.⁵⁴ Hann taldi því stefnu „aðskilnaðarsinna“ felast í að gera málefnalegan aðskilnað á andlegu og veraldlegu valdi út frá eðli og hlutverkum hvors um sig, ríkis og kirkju.⁵⁵ Þar með virðist Jón Ólafsson hafa verið fyrstur manna til að mæla óyggjandi fyrir aðskilnaðarleiðinni hér á landi og þá á grundvelli mótaðra hugmynda um eðli ríkisvaldsins og almenn mannréttindi. En hann var einn fyrsti málsvari þeirra hér.⁵⁶

Nokkrum árum síðar (1883) birti Benedikt Kristjánsson (1824–1903), prestur í Múla og alþingismaður, viðamikla grein í *Fróða* sem, líkt og skrif Jóns Ólafssonar, var að uppistöðu til viðbrögð við skrifum Þórarins Böðvarssonar í *Kirkjutíðindum*. Eins og „Ósvífr“ tók hann tilefni af „prestamálinu“ og hinni almennu deyfð í kirkjumálum landsins. Sjálfur áleit Benedikt þó ósannað að um nýtt vandamál væri að ræða og að trúarlífið hefði verið blómlegra áður fyrr. Ef afturför hefði samt orðið taldi hann að skýringanna væri fremur að leita í breyttum tíðaranda en lágu risi prestastéttarinnar. Hann taldi þó að vandinn yrði ekki leystur með stórauknu safnaðalýðræði eins og „Ósvífr“ hafði talið.⁵⁷ Þvert á móti áleit hann að kirkjan yrði fyrst og fremst að bregðast við nýjum félags- og menningarlegum aðstæðum. En hann leit svo á að „[...] hinn almenni, ópersónulegi andi, svo sem andi vísindanna

⁵³ „Áramóta-ávarp og pólitísk trúarjátning“, *Skuld* 39–40/1878, d. 457–466, hér 461.

⁵⁴ [Jón Ólafsson] „Ríki og kirkja: Pistill til séra Þórarins Böðvarssonar frá ritstjóra „Skuldar“ [Niðurlag]“, *Skuld* 82/1879, d. 259–269, hér 261, 262.

⁵⁵ Sama rit, d. 264–265.

⁵⁶ Auk skrifa hans í *Skuld* sem hér er vísað til sjá Jón Ólafsson, *Jafnræði og þekking: Nokkur stjórnfraeðileg undirstöðu-atriði um réttan grundvöll sjálfstjórnar*, Stjórnfraeðileg smárit I, Eskifirði: [s.n.], 1880.

⁵⁷ Benedikt Kristjánsson, „Um ríki og kirkju og aðskilnað þeirra“, *Fróði* 102/1883, d. 133–137. Sjá og [M.], „[án titils]“, *Fróði* 121/1884, d. 1–4; M., „[án titils]“, *Fróði* 123/1884, d. 27–32.

og menntunarinnar, mannkynsandinn, þjóðarandinn [...]“ hefði hugsanlega útrýmt heilögum anda úr kirkjunni.⁵⁸ Um þetta sagði hann:

Meinsemd kirkjunnar er, [...], fólgin í því, að andi tímans, sem er andi ríkisins og þjóðfélagsins, hefir verið skipað í sæti heilags anda í kirkjustjórn vorri og lögum hennar, og þaðan hefir hann breiðst út yfir líf safnaðanna.⁵⁹

Benedikt áleit réttu viðbrögðin vissulega ekki felast í að kirkjan og prestarnir snerust til varnar gegn samtímavísindum, menntun og menningu. Slíkt mundi aðeins leiða til afturfarar.⁶⁰ Hann taldi heldur ekki að vandi kirkjunnar yrði leystur eftir löggjafarleiðinni:

Gerð einstakar breytingar á kirkjulögum, svo sem brauðalögin eru, safnaðalögin, lögin um leysingu sóknarbands, um umsjón og fjárhald kirkna! söfnuðurinn fær ekki bót meina sinna fyrir það. Hann hefir enga von um heilsubót, eins og nú er að honum búið. Meðan hann er hnepptur í fangastakki kirkjulegra þvingunarlaganna, getur taugakerfið ekki, nje mænurnar, eflst af heilsuafli heilans (safnaðarins höfuðs).⁶¹

Líkt og Jón Ólafsson taldi Benedikt Kristjánsson að aðskilnaður ríkis og kirkju væri fólgin í „réttum“ aðskilnaði andlegs og veraldlegs valds. Slíkum aðskilnaði var hann fylgjandi sökum þess að „[...] ríki og kirkja eru alveg ólík í eðli sínu, og hafa alveg ólík ætlunarverk [...]“.⁶² Í aðskilnaðarmálinu var hann sem sé algerlega samtíga Jóni. Þórarinn Böðvarsson sem þeir andmæltu báðir taldi aftur á móti að ríkið hefði sínum eigin skyldum að gegna þegar um æðsta takmark mannkyns væri að tefla.⁶³ En slíkt hlutverk hlýtur aftur á móti að teljast trúarlegt í eðli sínu. Í upphafi greindi fylgjendur aðskilnaðar- og löggjafarleiðarinnar á um grundvallaratriði, þ.e. hvaða hlutverki ríkisvaldið gæti gegnt á sviði trúarlífsins og hvar valdmörkum þess á því sviði lyki.

Benedikt áleit að aðskilnaður ríkis og kirkju væri ekki einungis fólgin í að „hin ytri kirkjuskipan“, þ.e. stjórn kirkjunnar, væri „[...] óháð ríkinu [...]“, heldur í að kirkjan væri óháð ríkinu á öllum sviðum.⁶⁴ Hann mælti því óyggjandi fyrir aðskilnaði.

Þrátt fyrir skoðanir sínar um ólík hlutverk ríkis og kirkju taldi Benedikt í Múla þó bæði eðlilegt og óhjákvæmilegt að áfram yrði nokkurt samband milli þessara tveggja stofnana. Ríkið ætti þannig að veita kirkjunni aðstoð sína í veraldlegum efnum en kirkjan að launa fyrir með því að gera „[...] þegnana að góðum þegnum (þegnlega),

⁵⁸ Benedikt Kristjánsson, „Um ríki og kirkju og aðskilnað þeirra“, d. 136.

⁵⁹ Sama rit, d. 136. Þessi almenna afstaða B.K. kom fram í útfærðara formi er hann benti á að vegna trúfrelsisgreina stjórnarskrárinnar væri engin trygging fyrir að þeir sem settu kirkjunni lög og skipuðu í embætti hennar játuðu kristna trú. Taldi hann þessa skipan vitna um „[...] helzt of mikið umburðarlyndi í trúarefnum.“ Benedikt Kristjánsson, „Um ríki og kirkju og aðskilnað þeirra (Framh.)“, *Fróði* 103/1883, d. 145–148, hér 146–147 (nmgr.).

⁶⁰ Benedikt Kristjánsson, „Um ríki og kirkju og aðskilnað þeirra“, d. 136.

⁶¹ Sama rit, s.st. Sjá og Benedikt Kristjánsson, „Um ríki og kirkju og aðskilnað þeirra (Framh.)“, d. 147–148.

⁶² Sama rit, d. 146.

⁶³ Þórarinn Böðvarsson, „Athugasemdir [...] „Um ríki og kirkju og aðskilnað þeirra eptir Benedikt Kristjánsson, þingmann Norður-Þingeyinga““, *Fróði* 114/1883, d. 277–280, hér 279–280. Þórarinn Böðvarsson, „Athugasemdir [...] „Um ríki og kirkju og aðskilnað þeirra eptir Benedikt Kristjánsson, þingmann Norður-Þingeyinga (Framh.)““, *Fróði* 116/1883, d. 301–304, hér 301. Vegna þeirra skyldna sem Þ.B. taldi að ríkinu bæri á hinu andlega og siðferðilega sviði sagði hann meðal annars: „Vjer sem álitum að ríkið hafi æðri siðgæðislega þýðingu og krefjumst þess að ríkið, til þess að ná ákvörðun sinni, sje kristið, getum ekki viðurkennt, að ríkiskirkjan sje eptir hugsjón sinni og eðli af hinu illa.“ Þórarinn Böðvarsson, „Athugasemdir [...] „Um ríki og kirkju og aðskilnað þeirra eptir Benedikt Kristjánsson, þingmann Norður-Þingeyinga (Framh. [2])““, *Fróði* 117/1883, d. 313–317, hér 316.

⁶⁴ Benedikt Kristjánsson, „Um ríki og kirkju og aðskilnað þeirra (Framh.)“, d. 146.

um leið og hún gerir þá að sönnum borgurum föðurlandsins á himnum.⁶⁵ Taldi hann að þetta samband yrði „auðvitað“ að ákveða með „lögfestum sáttmála.“⁶⁶ Ekki kom fram í skrifum hans hvort hann leit svo á að 45. gr. þágildandi stjórnarskrár þjónaði þessu hlutverki eða að annars konar sáttmáli ætti að koma til.

Af því sem hér hefur verið sagt virðist mega álykta að aðskilnaðarleiðin hafi orðið til með skrifum þeirra Jón Ólafssonar og Benedikts Kristjánssonar á árunum 1879–1883 og að skilningur á eðli og hlutverki ríkisvaldsins, auk mannréttindasjónarmiða, hafi legið þar til grundvallar, einkum hjá Jóni.

Löggjafarleiðin mótast

Í *Kirkjutíðindum fyrir Ísland* 1879 ritaði annar ritstjórinn, Þórarinn Böðvarsson, um aðskilnað ríkis og kirkju og kvaðst þar bregðast við blaðskrifum sem birst hefðu um málið.⁶⁷ Líklega hefur hann þar einkum vísað til skrifanna í *Skuld* enda tók Jón ritstjóri ummælin til sín.⁶⁸ Annars vegar lagðist Þórarinn mjög einarðlega gegn aðskilnaði af trúarpólitískum ástæðum. Hins vegar mælti hann fyrir áframhaldandi tengslum ríkis og kirkju og þá á grundvelli löggjafarleiðarinnar. Ýmsir lögðust á þessa sömu sveif af nokkuð mismunandi ástæðum.

Gripð til varna

Þórarinn Böðvarsson áleit að menn aðhylltust aðskilnað af mismunandi og jafnvel alveg andstæðum ástæðum. Suma sagði hann vissulega vinna að aðskilnaði vegna þess að þeir teldu ríkisafskipti slæva kirkjuna sem næði þá fyrst fullum blóma þegar hún væri laus við þá sem löggjöfin neyddi beint eða óbeint til að tilheyra henni.⁶⁹ Aðra kvað hann gera það vegna neikvæðrar afstöðu í garð kirkjunnar og sökum þess að þeir vildu ekki að trúin hefði nein áhrif á samfélagið.⁷⁰ Varðandi þá fyrrnefndu vísaði hann til skylduaðildarinnar að lúthersku kirkjunni en trúfrelsisákvæði stjórnarskrárinnar höfðu enn ekki verið útfærð með lögum.

Í skrifum sínum beindi Þórarinn þó spjótum sínum einkum að síðarnefnda hópnum en hann áleit að fyrir mörgum aðskilnaðarmönnum veki ekki „réttur“ aðskilnaður á ríki og kirkju eða vilji til að koma á „réttu“ jafnvægi milli hins andlega og veraldlega valds „[...] þannig að ríki og kirkja, án þess að vera sameinað, stefni að því sama takmarki, og efli andlega og siðferðislega fullkomnun og velvegna [...]“.⁷¹ Í þessum orðum virðist Þórarinn greina á milli aðskilnaðar og stofnunarlegrar aðgreiningar ríkis og kirkju líkt og gert var í inngangi þessarar greinar. Hann var hlynntur aðgreiningu en vildi ekki ganga lengra. Meintum stefnumálum aðskilnaðarmanna lýsti hann aftur á móti svo:

⁶⁵ Sama rit, d. 147.

⁶⁶ Sama rit, s.st.

⁶⁷ Þ[órarinn] Böðvarsson, „Um ríki og kirkju, samband þeirra og aðskilnað“, *Kirkjutíðindi fyrir Ísland* 1/1879, bls. 40–46.

⁶⁸ „Ríki og kyrkja: Pistill til séra Þórarins Böðvarssonar frá ritstjóra „Skuldar““, *Skuld* 81/1879, d. 257–258, hér 257.

⁶⁹ Þ[órarinn] Böðvarsson, „Um ríki og kirkju, samband þeirra og aðskilnað“, bls. 40.

⁷⁰ Sama rit, bls. 40, sjá og 42–43.

⁷¹ Sama rit, bls. bls. 41. Matthías Jochumsson brást harðlega við þessum skilningi Þórarins og taldi aðskilnað ríkis og kirkju einmitt felast í réttum aðskilnaði veraldlegs og kirkjulegs valds. „Bækur“, *Þjóðólfrur*, 21/1879, bls. 81–82, hér 82.

Það sem menn meina með því að aðskilja ríki og kirkju er það, að ríkið, þjóðfélagið sem þjóðfélag, bæði yfirvöld og undirgefnir, sje ekki bundið við neina trú. Trúin, einkum kristin trú, er þá málefni, sem hver gefur sig að, sem vill, en þeir sleppa því, sem ekki vilja það. Þjóðfélagið sem þjóðfélag þekkir hvorki Guð nje Krist, og ekkert guðsorð, sem það sje bundið við.⁷²

Þórarinn í Görðum leit því svo á að aðskilnaðarmenn kepptu að fullkomnu trúfrelsi einstaklinga og trúarlegu hlutleysi og óhæði ríkisvaldsins. Það trúfrelsi sem hann áleit að flestir þeirra stefndu að var því í raun það sem oft er nefnt „neikvætt“ trúfrelsi og felur fyrst og fremst í sér frelsi til að vera laus við trúariðkun. Að hans mati fólst aðskilnaður ekki einvörðungu í að skilja að tvær stofnanir í samfélaginu, ríki og kirkju. Þvert á móti áleit hann að aðskilnaður leiddi til róttæktrar aðgreinar milli tveggja sviða, opinbers og einkalegs, sem og þess að trúmálin yrðu einskorðuð við einkasviðið. Aðskilnaður ríkis og kirkju hlaut því að mati hans að byggjast á *sekúlarisma* eða þeirri mótuðu afstöðu að samfélagið og ríkisvaldið ættu að vera algerlega veraldleg fyrirbæri sem hvorki mótuðust af trúarlegum sjónarmiðum né hefðu afskipti af trúariðkun eða boðun trúar. Fyrir honum fól aðskilnaður því í sér róttækt, trúarpólitískt stefnumál. Í þessu efni virðist Þórarinn horfa fram hjá því sem hann hafði skömmu áður staðhæft, þ.e. að ýmsir aðhylltust aðskilnað til að andæfa veraldarvæðingu kirkjunnar sjálfrar sem leiddi af beinni eða óbeinni skyldu-aðild að henni. Af þessum sökum kemur ekki á óvart að hann lagðist gegn aðskilnaði og óttaðist að hann fæli í sér afkristnun samfélagsins.⁷³ Kom þetta glöggt í ljós er hann staðhæfði að aðskilnaðarmenn litu svo á

[...] *ad yfirvöld og undirgefnir, sem slíkir, ekki megi hafa neina trú.* Trúin, einkum hin kristna trú, á þá að vera privat málefni fyrir hinn einstaka, kristin kirkja privat sameining, sem yfirvaldið á ekki að skeyta um.⁷⁴ [Leturbr. HH]

Benedikt Kristjánsson í Múla sem brást við þessum skrifum Þórarins (sjá framar) áleit þau fremur villa um fyrir fólki en leiðbeina því. Hafnaði hann því meðal annars að aðskilnaður leiddi til afkristnunar.⁷⁵ Þá kvaðst hann ekki vera Þórarini sammála um að aðskilnaðarhugmyndir væru sprotnar af „[...] óljósri hugmynd um umtals-efnið [...]“ til dæmis þegar trúmenn teldu að kirkjan næði þá fyrst fullum styrk þegar hún væri laus við þá sem fylgdu henni aðeins vegna lagaskyldu.⁷⁶ Þennan hóp hafði Þórarinn sniðgengið í skrifum sínum, eins og fram er komið, þótt hann nefndi vissulega að slíkar hugmyndir lægju stundum að baki aðskilnaðarbaráttunni.

Þórarinn Böðvarsson lagðist gegn aðskilnaði í þeim skilningi sem hann lagði í fyrirbærið með tilvísun til þess hlutverks er hann taldi kristnina gegna í samfélaginu frekar en gagnvart ríkinu sjálfu. Hann leit svo á að kristin trú vildi

⁷² Þórarinn Böðvarsson, „Um ríki og kirkju, samband þeirra og aðskilnað“, bls. 42.

⁷³ Sama rit, bls. 44, 45. Í „ritdómi“ sínum um *Kirkjutíðindi fyrir Ísland* gagnrýndi Matthías Jochumsson neikvæða afstöðu á þessum grunni harðlega. „Bækur“, bls. 82.

⁷⁴ Þórarinn Böðvarsson, „Athugasemdir [...] „Um ríki og kirkju ... (Framh. [2])““, d. 313.

⁷⁵ Benedikt Kristjánsson, „Um ríki og kirkju og aðskilnað þeirra (Framh.)“, d. 145, 147.

⁷⁶ Sama rit, d. 145.

[...] ekki einungis frelsa einstakar sálir, heldur þjóðfélagið allt, alla menn. Hún vill gjöra alla að lærisveinum Krists, hún vill þess vegna hafa áhrif á öll sambönd, allar tilskipanir mannlífsins, og fullkomna allt.⁷⁷

Í þessum orðum kemur þjóðkirkjuskilningur Þórarins Böðvarssonar skýrt fram en honum má lýsa svo að kirkjan sé til fyrir heiminn allan og sérhvert svið mannlífs en ekki aðeins þá einstaklinga sem líta á sig sem kristna. Hlutverk hennar er því að stuðla að góðu samfélagi og góðu lífi öllum til handa. Þannig er hún kraftur til að stuðla að komu Guðs ríkis.⁷⁸

Auk þessa leit Þórarinn svo á að þekking „[...] á eðli og ákvörðun mannsins [...]“ væri eina tryggingin fyrir réttlátu eða „góðu“ ríkisvaldi. Taldi hann kristnina eina geta miðlað þessari mikilvægu þekkingu.⁷⁹ Öfugt við Jón Ólafsson ritstjóra og Benedikt Kristjánsson, stéttarbróður sinn, leit hann því svo á að ríkið og hið veraldlega samfélag gætu ekki náð markmiðum sínum á eigin spýtur án sambands við kirkjuna.⁸⁰

Mælt fyrir áframbaldandi tengslum

Þórarinn Böðvarsson leit svo á að tengsl ríkis og kirkju væru einkum mikilvæg á fjórum sviðum eða þegar um uppfræðslu, „helgihald“ eða þó öllu heldur helgidagahald, hjónavígslur og svardaga eða eiðtökur væri að ræða.⁸¹ Spurði hann þeirra „retórisku“ spurninga hvort hjónabandið yrði landi og lýð farsælla ef hætt væri að stofna til þess frammi fyrir augliti Guðs eða hvort heimilin yrðu þjóðfélaginu skeinuhættari „[...] þó það sje leyft, að þau heimili megi hafa trú og siðgæði, sem vilja, en hin megi sleppa því, sem ekki vilja það?“⁸² Sama neikvæða afstaða kom fram er hann spurði: „Er [...] nokkuð unnið fyrir þjóðfélagið, þó enginn dagur sje framar helgur haldinn, — þó þeir, sem ekki vilja tilbiðja Guð, megi að ósekju hindra þá í tilbeiðslu Guðs, sem vilja tilbiðja hann?“⁸³ Með seinni spurningunum virðist hann gera andstæðingum sínum í aðskilnaðarmálinu upp skoðanir með því að láta að því liggja að í aðskilnaði hlyti að felast skerðing á „jávæðu“ trúfrelsi en það felst í að öllum sé heimilt að rækja trú sína án hindrunar og þá ekki síst á einkasviðinu eða á vettvangi heimilisguðrækninnar sem hann gerði hér að umtalfefni. Þarna kemur augljóslega fram það álit hans að afkristnun samfélagsins hlyti að verða fylgifiskur aðskilnaðar. Þá áleit hann kennslu í kristnum fræðum sem hlyti að hverfa að mestu við aðskilnað vera sjálfa undirstöðuna undir allri sannri menntun. Það mat

⁷⁷ Þ[órarinn] Böðvarsson, „Um ríki og kirkju, samband þeirra og aðskilnað“, bls. 43.

⁷⁸ Sjá Thomas Ekstrand, *Folkkyrkans grænser: En teologisk analys av övergången från statskyrka till fri folkkyrka*, Stokkhólm: Verbum, 2002, bls. 130–134. Ekstrand fjallar um fimm afbrigði þjóðkirkjuskilnings með tilvísun til hugmynda A. Duells frá 9. áratugi 20. aldar. Þeir ræða um kirkjuna sem stofnun, dulhyggjusamfélag (s. *mystisk gemenskap*), sakramenti, boðbera og þjón. Hér er lítið svo á að Þ.B. hafi lítið til þjónustuhlutverks kirkjunnar.

⁷⁹ Þ[órarinn] Böðvarsson, „Um ríki og kirkju, samband þeirra og aðskilnað“, bls. 44.

⁸⁰ Sjá framar um hugmyndir Þ.B. um trúarlegt hlutverk ríkisvaldsins.

⁸¹ Þ[órarinn] Böðvarsson, „Um ríki og kirkju, samband þeirra og aðskilnað“, bls. 45. Í þessu efni byggði Þ.B. á skilningi Chr. H. Kalkars (1802–1886) frá 1877 en hann beitti sér mjög fyrir því að svonefnd fyrirheitugrein í dönsku grundvallarlögunum væri útfærð en slíkt hefði veitt dönsku þjóðkirkjunni aukið sjálfstæði í áframbaldandi tengslum við ríkisvaldið. „Chr. H. Kalkar“, *Dansk Biografisk Leksikon, denstoredanske.dk*, sótt 13. nóvember 2018 af http://denstoredanske.dk/Dansk_Biografisk_Leksikon/Kirke_og_tro/Teolog/Chr._H._Kalkar. Sjá Þórarinn Böðvarsson, „Athugasemdir [...] „Um ríki og kirkju ... (Framh. [2])““, d. 315.

⁸² Þ[órarinn] Böðvarsson, „Um ríki og kirkju, samband þeirra og aðskilnað“, bls. 45.

⁸³ Sama rit, s.st.

hans kom fram í því að hann taldi þekkingu „[...] á eðli og ákvörðun mannsins [...]“ vera helsta forsenda réttláts eða „góðs“ ríkisvalds.⁸⁴ Loks kvað Þórarinn að ríkinu væri nauðsynlegt að geta látið þegnana sverja við ýmis mikilvæg tækifæri og að eiðar hlytu að hvíla á sameiginlegri trú. Hann spurði því enn hvort þjóðfélagið ætti við aðskilnað að koma sér saman um sérstakan „þjóðguð“ til að sverja við.⁸⁵

Ljóst er að Þórarinn Böðvarsson lagðist svo eindregið gegn aðskilnaði ríkis og kirkju sem raun ber vitni af trúarlegum ástæðum. Hann leit svo á að trú og þá einkanlega kristin trú væri nauðsynleg forsenda siðgæðis og óhjákvæmilegt „lím“ eða hugmyndafræðilegur grunnur siðmenntaðs samfélags. Þá kemur skýrt í ljós hve mjög hann óttaðist að aðskilnaður hefði víðtækar afleiðingar sem valda myndu afkristnun. Hann vildi því stuðla að áframhaldandi sambandi og samstarfi ríkis og kirkju:

Nei, hugsum ekki um að aðskilja kirkjuna frá þjóðfélaginu, ástundum miklu fremur að styðja að því, að hvorttveggja vinni í sameiningu, og stefni að því sama takmarki. Styðjum að því að landsstjórnin styðji og verndi trú vora, eins og vora helgustu eign og dýrasta meðal oss til velferðar og farsældar, og að trúin helgi landsstjórnina og þjóðlífið, og sýni í því sína blessunarríku ávexti.⁸⁶

Þórarinn Böðvarsson var því þeirrar skoðunar að ná bæri þeim trúarpólitísku markmiðum sem slegið hafði verið föstum með stjórnarskránni og fólust í trúfrelsi og þjóðkirkjufyrirkomulagi, sem og að ráða bót á þeim vanda sem „prestamálið“ fól í sér eftir löggjafarleiðinni. Þar vildi hann þó fara að öllu með gát og lagðist gegn einu heitasta kirkjupólitíska baráttumáli samtíma síns sem fólst í að söfnuðir fengju að kjósa sér presta. Taldi hann að prestana bæri að skoða sem hverja aðra embættismenn ríkisins og bar þá einkum saman við sýslumenn sem ekki væru heldur kjörnir til starfa.⁸⁷ Kvaðst hann því þó fylgjandi „[...] að veita söfnuðum og prestum nokkra hluttöku [...]“ í stjórn hinnar nýju þjóðkirkju.⁸⁸ Átti hann enda eftir að verða athafnasamur á þeim vettvangi en hann tók drjúgan þátt í undirbúningi kirkjulöggjafarinnar á 9. áratug 19. aldar og jafnvel áratuginn þar á eftir. Þau lög sem þá voru sett hvíldu öll á löggjafarleiðinni.⁸⁹ Nokkrum árum eftir fyrrgreind skrif (1883) hélt Þórarinn líka ákveðið fram því sjónarmiði að kirkjan ætti að hafa sem mesta stjórn í eigin málum.⁹⁰

Fleiri raddir

Fleiri prestar tóku í svipaðan streng og Þórarinn Böðvarsson í því að mögulegt væri að auka frelsi þjóðkirkjunnar og koma á umbótum á henni með sérlögum um

⁸⁴ Sama rit, s.st.

⁸⁵ Sama rit, s.st.

⁸⁶ Sama rit, bls. 45–46.

⁸⁷ Sama rit, bls. 46.

⁸⁸ Sama rit, s.st. Jón Ólafsson svaraði Þórarni Böðvarssyni efnislega í tveimur greinum í blaði sínu, *Skuld*. Hér verða rök hans þó ekki tíuðuð umfram það sem dregið er á hér frammar. „Ríki og kirkja“, d. 257–258. „Ríki og kirkja ... [Niðurlag]“, d. 259–269.

⁸⁹ Þórunn [Jarla] Valdimarsdóttir, „Öld frelsis, lýðvalds og jafnaðar“, bls. 45, 67 (myndtexti), 68. Hjalti Hugason, „Þróun sjálfstæðrar þjóðkirkju á öndverðri 20. öld. Fyrstu tilraunir til að koma á kirkjuþingi á Íslandi“, *Ritröð Guðfræðistofnunar* 31/2010, bls. 73–104, hér 76–77. Hjalti Hugason, „Þróun sjálfstæðrar þjóðkirkju ... Sjálfstæði eða aðskilnaður?“, bls. 23–24.

⁹⁰ Þórarinn Böðvarsson, „Athugasemdir [...] „Um ríki og kirkju ... (Framh.)“, d. 304.

kirkjumál en umfram allt réttari framkvæmd slíkra laga. „Útkjálkaprestur“ er kallaði sig „M“ benti til dæmis á í ársbyrjun 1884 í *Fróða* að meðan söfnuðir færðust undan að taka við umsjón og rekstri kirkna sinna og þar með eigin fjárforræði á grundvelli laganna um umsjón og fjárhald kirkna frá 1882 væri óraunhæft að ráðast í frekari aðgreiningu ríkis og kirkju. Forsendur fyrir slíku sjálfstæði safnaða höfðu verið skapaðar 1882 með lögum um umsjón og fjárhald kirkna. Umræðu um aðskilnað kvað hann þó geta verið vekjandi fyrir áframhaldandi þróun.⁹¹

Ýmsir utan prestastéttarinnar aðhylltust líka svipaða stefnu í kirkjupólitískum efnum og Þórarinn Böðvarsson en þó af öðrum ástæðum. Snemma árs 1881 gerði t.d. Jón Sigurðsson (1828–1889), alþingismaður á Gautlöndum, kjósendum sínum grein fyrir aðgerðum síðasta þings til að bæta en þó einkum jafna kjör presta. Kvað hann suma, þar á meðal ýmsa presta, álíta að ekki yrði ráðin bót á vandanum öðru vísi en með aðskilnaði ríkis og kirkju að amerískri fyrirmynd. Sjálfur leit hann á málið frá sögulegu sjónarhorni og kvað aðskilnað ríkis og kirkju eðlilegan í „Bandafyllkjunum í Ameríku“ vegna þess hvaða stefna hefði ríkt þar í þessu efni frá upphafi. Á hinn bóginn væru nán tengsl ríkis og kirkju eðlileg afleiðing sögulegrar þróunar hér á landi. Áleit hann aðskilnað ótímabæran eins og á stæði og raunar ógna kirkjunni líkt og útburður nýfæddu barni eða ef sjúkur maður væri sviftur öllum meðulum.⁹² Áleit hann að þjóðinni yrði að fara mikið fram hvað menntun áhrærði og velmegun að vaxa í samfélaginu áður en rétt væri að gera kirkjuna að alveg sjálfstæðri stofnun sem væri óháð landsstjórninni. Tímenn þar til það yrði mögulegt áleit hann mikilvægt að nota til að koma kirkjunni á það stig að hún stæðist aðskilnaðinn og yrði fær um að standa straum af rekstri sínum sjálf.⁹³ Það taldi hann best gert með því að auka sjálfstæði og sjálfsábyrgð safnaðanna meðal annars með því að veita þeim frelsi til að kjósa presta sína. Prestskosningar taldi hann samt tæpast nýtast þeim söfnuðum sem helst þyrftu á þeim að halda, það er fámennum útkjálkasöfnuðum sem fáir prestar eða guðfræðingar sæktust eftir.⁹⁴ Jón á Gautlöndum var því í grundvallaratriðum ekki andsnúinn aðskilnaði en áleit hann ótímabæran þar sem þjóðkirkjan hefði ekki burði til að verða sjálfstæð og sjálfbær stofnun eins og á stæði, auk þess sem hann vildi líta til sögulegrar hefðar í þessu efni.

Á svipaðan máta lét óþekktur bréfitari í ljósi þá afstöðu í *Austra* (1884) að aðskilnaður ríkis og kirkju yrði „[...] líklega fyrst um sinn, ekkert annað en hugsjón.“⁹⁵ Taldi hann aftur á móti að ekki hefði verið gengið nægilega langt í að bæta þau lög sem um þjóðkirkjuna giltu. Jafna þyrfti og bæta kjör presta, rýmka rétt safnaða til að kjósa þá og auka vald prestastefnu sem hann vildi raunar breyta í kirkjuþing með þátttöku leikmanna í henni. Vildi hann að stefnan hefði löggjafarvald í öllum málum

⁹¹ M., „[án títls]“, d. 27–32.

⁹² Jón Sigurðsson, „Bréf til Sudurþingeyinga frá alþingismanni Jóni Sigurðssyni (framhald)“, *Norðlingur* 7–8/1881, bls. 13–14.

⁹³ Sama rit, bls. 13. Á Alþingi 1881 var fjallað um rekstrarmál kirkjunnar bæði út frá endurskoðun á skipan prestakalla og ýmsum málum er lutu að tekjum presta.

⁹⁴ Sama rit, bls. 13–14.

⁹⁵ „Um landsins gagn og nauðsynjar (kafla úr bréfi)“, *Austrá* 21/1884, d. 241–244, hér 241. Ritsstj. sá ástæðu til að áréttu að samt sem áður bæri að berjast fyrir hugsjónunum.

sem teldust til „*jus sacrorum*“ (oftar nefnd *jus in sacris*) eða í innri kirkjulegum málum og ráðgjafarvald í ytri málum kirkjunnar (lat. *jus circa sacra*).⁹⁶

Eins og hér hefur komið fram mótaðist löggjafarleiðin til að ná markmiðum stjórnarskrárinnar um þjóðkirkju og trúfrelsi á sama tíma og aðskilnaðarleiðin, eða beggja vegna við 1880. Aukið kirkjulegt sjálfstæði var þó umdeilt mál um þetta leyti. Mörgum stóð til að mynda mikill stuggur af prestskosningum líkt og Þórunni Böðvarssyni. „Blönddælingur“ nokkur benti til að mynda á í *Norðanfara* (1883) að frelsi safnaða til að fara með stjórn eigin mála, þar á meðal val á prestum og raunar kosningu annarra embættismanna, væri eftirsóknarvert í sjálfu sér. Hann benti aftur á móti á að öllu frelsi fylgdi áhætta og að fara þyrfti með það af gát ef það ætti ekki að reynast „voðaverkfæri“.⁹⁷ Leit hann svo á að prestskosningar myndu í raun leysa upp gjörvalla kirkjuskipanina og leiða jafnframt til aðskilnaðar ríkis og kirkju:

Með prestakosningu fylgir sjálfsagður aðskilnaður kirkju og ríkis, aðskilnaður fjárhags, kirkju og ríkis, aðskilnaður embættismanna, aðskilnaður dóms [svö] og framkvæmdarvalds í kirkju- og kennslu- og verzlægum málum; landstjórnin hefur þá ekki í þessu tilliti neina ábyrgð á, hvort þjóðin hefur nokkurn prest eða engan, hún hefir og þarf að eins að varðveita borgaraleg rjettindi; þetta leiðir af sjálfu sjer eins og orsök og afleiðing, og þarf eigi mörgum eða fleiri blöðum um það að fletta.⁹⁸

Þessu mati sínu til stuðnings nefndi „Blönddælingurinn“ dæmi úr Hólmaprestakalli í Reyðarfirði þegar Daníel Halldórssyni (1820–1908) er verið hafði prófastur í Eyjafirði var eftir tæplega fjögurra áratuga prestsþjónustu veitt kallið 1880 í samkeppni við mun yngri aðstoðarprest á staðnum. Hluti safnaðarins snerist þá gegn veitingunni og klauf sig frá þjóðkirkjunni.⁹⁹

Fríkirkjusöfnuðurinn á Austurlandi fléttaðist einnig með öðrum hætti inn í aðskilnaðarumræðuna um þetta leyti. Í samþykktum þings kirkjufélags Vestur-Íslendinga í Winnipeg sumarið 1887 var meðal annars að finna þessa klausu:

Ávarp til fríkirkjumanna á Íslandi var samþykkt í einu hljóði. Í því er látið í ljósi, að aðskilnaður ríkis og kirkju á Íslandi mundi verða til eflingar kristilegu trúarlífi, að kirkjuþingið lýsi ánægju sinni yfir tilraunum utanþjóðkirkjumanna í Reyðarfirði í þá átt, samgledjist með þeim af því, er þeim nú þegar hefur orðið ágengt, og óskar þeim og kirkjumálum þeirra blessunarríkrar fram tíðar.¹⁰⁰

Þess ber að geta að eina aðferðin sem hingað til hefur verið beitt hér á landi til að aðskilja evangelísk-lúthersku kirkjuna og ríkisvaldið er sú sem fríkirkjumenn á Reyðarfirði og síðar í Reykjavík og á nokkrum fleiri stöðum notfærðu sér. Hana má nefna klofningsaðferð í aðskilnaðarmálum. Hún fólst einfaldlega í að fríkirkjusinnaðir menn klufu sig frá sóknnum sínum og neyttu stjórnarskrárvarins réttar síns til að stofna eigin félög eða söfnuði um trúariðkun sína.¹⁰¹

⁹⁶ „Um landsins gagn og nauðsynjar“, d. 243–244.

⁹⁷ Blönddælingur, „Eigum vjer að fara að kjósa oss presta?“, *Norðanfari* 37–38/1883, bls. 76–77.

⁹⁸ Sama rit, bls. 76, sjá og 77. Þessum skilningi mótmælti R.J. í *Norðanfara* árið eftir. R.J., „Fáein orð um prestakosninga málið“, *Norðanfari* 27–28/1884, bls. 53

⁹⁹ Blönddælingur, „Eigum vjer að fara að kjósa oss presta?“, bls. 77. Sjá Þórunn [Jarla] Valdimarsdóttir, „Öld frelsis, lýðvalds og jafnaðar“, bls. 58. Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár frá landnámstímum til ársloka* 1940 I, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1948, bls. 304. Þess má geta að upp úr 1890 var stofnaður fríkirkjusöfnuður á Völlum er hluti sóknarmanna klauf sig frá Vallanesprestakalli. Magnús Bl. Jónsson, *Endurminningar* II, Reykjavík: Ljóðhús, 1980, bls. 201–222.

¹⁰⁰ „Winipeg: Kirkjuþingið“, *Heimskringla* 27/1887, bls. 4. Um afstöðu blaðsins til tengsla ríkis og kirkju sjá „Stjórnskipun og stjórnflokkar“, *Heimskringla* 6/1888, bls. 2.

¹⁰¹ „Tveir vegir“, *Fríkirkjan* 5/1899, bls. 66–68, hér 67–68. „Tveir vegir [Niðurl.]“, *Fríkirkjan* 6/1899, bls. 83–85, hér 83–84.

Löggjafarleiðin fest í sessi

Allt til þessa hefur löggjafarleiðinni til að útfæra stefnu stjórnarskrárinnar frá 1874 um þjóðkirkjufyrirkomulag og trúfrelsi verði fylgt hér meðal annars fyrir atbeina þjóðkirkjunnar sjálfar. Það tók þó nokkurn tíma fyrir þá stefnu að festa sig í sessi en það gerðist á fyrsta áratug 20. aldar. Áfram gætti þó þeirra sjónarmiða að með henni yrði markmiðum stjórnarskrárinnar þó ekki náð.

Skiptar skoðanir

Þegar kom fram á lokaáratug 19. aldar tjáði Þórarinn Böðvarsson sig að nýju um aðskilnað ríkis og kirkju (1894) og nú vegna umræðu sem Þórhallur Bjarnarson, þáverandi forstöðumaður Prestaskólans, hafði efnt til í eldra málgagni sínu, *Kirkjublaðinu*, en hann aðhylltist aðskilnað.¹⁰² Við þetta tækifæri leit Þórarinn um öxl til löggjafarstarfsins áratuginn á undan með nokkrum vonbrigðum vegna þess að hann taldi að lítil áhugi hefði þá verið fyrir auknu sjálfstæði þjóðkirkjunnar. Vegna þess ályktaði hann að enn minni áhugi hlyti að verða fyrir aðskilnaði ef á reyndi.¹⁰³ Þórarinn lýsti því nú yfir að hann hefði haldið fram löggjafarleiðinni en lagst gegn aðskilnaði vegna þess að hann teldi algjöran aðskilnað ríkis og kirkju ómögulegan. Því hefði hann aðeins farið fram á þær breytingar sem hann áleit nauðsynlegar og mögulegar en þær fælust í „[...] að kirkjan stjórnaði sjálf binum andlegu málum sínum.“¹⁰⁴ Hann benti á að í lögum um stjórn safnaðarmála og skipun sóknarnefnda og héraðsnefnda sem hann hafði átt þátt í að semja væri vísir að stjórn andlegra mála í söfnuðum og prófastsdæmum en kvað kirkjuna vanta tilsvareandi yfirstjórn.¹⁰⁵

Eins og áður áleit Þórarinn Böðvarsson að kirkjunni bæri þó ekki aðeins að vera sjálfstæð heldur einnig að vera tengd ríkinu til að gera því mögulegt að rækja það hlutverk sitt að göfga þegnana.¹⁰⁶

Á þessum tíma var komin nokkur reynsla á lögin um aukið safnaðalýðræði frá undangengnum áratug, þ.e. lögin um þátttöku safnaðanna í umsjón og fjárhaldi kirkna, stjórn safnaðarmála og vali á prestum. Tók þá að gæta efasemda um að markmiðum stjórnarskrárinnar um þjóðkirkju og trúfrelsi yrði náð eftir löggjafarleiðinni. Í ágúst 1893 birtist stutt klausa í *Norðurljósinu* þar sem fram kom að ritstjórinn, Hjálmar Sigurðsson (1869–1919) verslunarskólástúdent, taldi að fylgjendum aðskilnaðar fjölgaði stöðugt, meðal annars á Alþingi, enda kæmu vankantar gildandi fyrirkomulags í kirkjumálum stöðugt betur í ljós. Taldi hann helstu ástæðuna fyrir óánægjunni vera þá að ríki og kirkja væru „[...] eptir eðli sínu svo ólík fjelög í sjálfu sjer, [...]“ að firra væri að þau héldu enn saman. Aðhylltist hann þar með svipaða skoðun og Jón Ólafsson og Benedikt Kristjánsson höfðu haldið fram um áratug áður. Þó nefndi Hjálmar líka að margir óttuðust að vísu að kirkjan mundi veikjast

¹⁰² Hjalti Hugason, „Þróun sjálfstæðrar þjóðkirkju ... Sjálfstæði eða aðskilnaður?“, bls. 23–26.

¹⁰³ Þórarinn Böðvarsson, „Undirtektirnar“ og aðskilnaður á ríki og kirkju“, *Kirkjublaðið* 8/1894, bls. 113–119, hér 114–115.

¹⁰⁴ Sama rit, bls. 115.

¹⁰⁵ Sama rit, s.st. Þ.B. áleit að ekki væri mögulegt að greina á milli innri og ytri kirkjumála frekar en sálar og líkama mannsins.

¹⁰⁶ Þórarinn Böðvarsson, „Undirtektirnar“ og aðskilnaður á ríki og kirkju“, bls. 119.

við aðskilnað og heiðni jafnvel taka yfirhönd meðal þjóðarinnar. Kann að vera að þar hafi hann ekki síst vísað til skrifa Þórarins Böðvarssonar. Taldi Hjálmar þetta ástæðulausan ótta þótt kirkjan kynni að missa áhangendur sem „[...] lafa við hana með hangandi hendi [...]“.¹⁰⁷

Eins og fram er komið var ýmsum skylduaðild að lúthersku kirkjunni mikill þyrnir í augum um þessar mundir. Að vísu hafði hún verið afnumin með stjórnarskránni 1874 og lögum um utanþjóðkirkjumenn 1886 en þau heimiluðu fólki að stofna eigin trúfélög. Enn var á hinn bóginn ekki vikið að „neikvæðu“ trúfrelsi í íslenskri löggjöf, þ.e. rétti fólks til að standa utan allra trúfélaga. Þá eimdi eftir af skylduaðildinni t.d. í því að þeir sem stóðu utan allra trúfélaga voru enn gjaldskyldir til sóknarprests og -kirkju í heimabyggð sinni. Því hefur hið nýfengna frelsi til að skilja alfarið við kirkjuna tæplega verið búið að ryðja sér til rúms í huga almennings sem raunhæfur kostur. Hjálmar Sigurðsson taldi að þar sem kirkjan væri „[...] fegursta, bezta og varanlegasta fjelag á jörðunni [...]“ mundi kirkjunni fljótt vaxa ásmegin er hún þyrfti að hafa meira fyrir tilveru sinni eftir afnám skylduaðildarinnar og tilkomu „neikvæðs“ trúfrelsis og mundi hún því fara með sigur af hólmi þótt illa kynni að ára fyrir henni um stundarsakir.¹⁰⁸ Ljóst er þó að hann taldi aðskilnað sem ætti miklu fylgi að fagna enn ekki hafa verið nægilega undirbúinn. Um það mál sagði hann:

Samt sem áður myndi aðskilnaður ríkis og kirkju valda allmiklum andlegum byltingum í svipinn, og vandasamt yrði að finna hin rjettu landamerki milli þeirra. Meðan þau eru ekki fundin, er ekki tími til framkvæmdanna.¹⁰⁹

Þarna hafði hann ekki síst í huga að prestar gegndu á þessum tíma ýmsum samfélagslegum verkefnum sem síðar hafa verið flutt til annarra. Má þar nefna það hlutverk þeirra að taka manntal og gefa skýrslur um ýmis heilsufarsleg mál auk viðamikils hlutverks sem þeir gegndu enn á sviði alþýðufræðslu en hún var öll í höndum heimilanna og prestanna. Þeir gegndu viðamiklu eftirlitshlutverki með kennslu í lestri, skrift og reikningi, auk þess sem þeir báru ábyrgð á kver- eða fermingarfræðslunni samkvæmt lögum um uppfræðing barna nr. 2/1880.¹¹⁰ Þessa sjónarmiðs gætti áfram í ummæðunni næstu ár. Ritstjóri *Fríkirkjunnar*, Lárus Halldórsson (1851–1908), er þá sat á Kollaleiru sem prestur fríkirkjusafnaðarins í Reyðarfirði taldi t.d. 1899 að landsstjórnin mundi ekki samþykkja aðskilnað jafnvel þótt hann hlyti stuðning Alþingis. Stjórnin hlyti að vilja að prestar héldu áfram að vera opinberir embættismenn vegna þeirra hlutverka sem þeir gegndu meðal annars á sviði fræðslumála.¹¹¹

Í *Kirkjublaði* Þórhalls Bjarnarsonar kvað um þetta leyti við svipaðan tón og í *Norðurljósi* Hjálmars Sigurðssonar. Lýsti Þórhallur afstöðu sinni svo að sú ósk sín

¹⁰⁷ „Aðskilnaður ríkis og kirkju“, *Norðurljósið* 22/1893, bls. 87.

¹⁰⁸ Sama rit, s.st.

¹⁰⁹ Sama rit, s.st. Greinin var birt í *Lögbergi* vestanhafs í tengslum við að sagt var frá frumvörpum Skúla Thoroddsen um að utanþjóðkirkjumenn yrðu gjaldfrjálsir við hana. „Þjóðkirkjan á Íslandi“, *Lögberg* 78/1893, bls. 2.

¹¹⁰ *Stjórnatíðindi* 1880, bls. 6–9. Loftur Guttormsson, „Fyrsti hluti. Hefðir og nýbreytni 1880–1907“, *Skólalald í bæ og sveit 1880–1945*, Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–1907 1, ritstj. Loftur Guttormsson, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2008, bls. 45–53.

¹¹¹ „Tveir vegir“, bls. 67–68. „Tveir vegir [Niðurl.]“, bls. 83–84. Ritstjóri var Lárus Halldórsson (1851–1908) sem verið hafði fríkirkjuprestur í Reyðarfirði en var nú nýlega orðinn prestur fríkirkjusafnaðarins í Reykjavík.

yrði stöðugt innilegri „[...] að hin evangelíska lúterska kirkja fósturjarðar vorrar verði með öllu sjálfstætt fjelag fyrir sig, en í annan stað verður mjer það æ ljósara, hve afarmiklum vanda þetta er bundið“.¹¹² Taldi hann sýnt að löggjafarstarfið á 9. áratugnum hefði ekki skilað kirkjunni því sjálfstæði sem nauðsynlegt væri.¹¹³ Áleit hann mikilvægt að samstaða skapaðist í kirkjunni um að hún skildi í heild sinni við ríkið en til að svo mætti verða þyrfti vandaða umræðu.¹¹⁴ Helstu rökin taldi hann vera að Alþingi væri tæplega bært til að setja kirkjunni lög eins og komið væri og framtíð kirkjunnar væri „[...] eigi glæsileg undir löggefandi þingi, sem getur verið harla ókirkjulegt.“¹¹⁵ Þarna bryddaði Þórhallur upp á einu helsta álitafni í trúmálarétti síðari tíma, þ.e. hæfi veraldlegra stjórnvalda til að setja lög um kirkjumál og fara með æðstu stjórn kirkjunnar eftir að hinu játningarbundna tímabili lauk og ríkið varð í stöðugt vaxandi mæli veraldlegt, trúarlega hlutlaust og óháð.

Þarna örlar á nýjum atriðum í aðskilnaðarumræðunni en auk hæfis Alþingis til að setja kirkjunni lög var rætt með hvaða hætti aðskilnaður ríkis og kirkju ætti að verða þegar þar að kæmi. Aðferð sú til aðskilnaðar sem Þórhallur Bjarnarson mælti fyrir á þessum tíma fól í sér að þjóðkirkjan í heild yrði skilin frá ríkinu og þá væntanlega með stjórnarskrárbreytingu og/eða lögum sem tækju til kirkjunnar allrar. Þessa aðferð má því nefna „lagaleið“ eins og Þórhallur gerði sjálfur.¹¹⁶ Í almennri umræðu um málið var oftast gert ráð fyrir að sú aðferð yrði viðhöfð við aðskilnað. Á þessum tíma leit Þórhallur Bjarnarson svo á að eftir aðskilnað hlyti evangelísk-lúthersk fríkirkja sem næði til landsins alls að taka við af þjóðkirkjunni. Rúmum áratug síðar leit hann aftur á móti svo á að eftir slíka breytingu mundu óháðir fríkirkjusöfnuðir leysa þjóðkirkjuna af hólmi (sjá frammar).¹¹⁷ Vera má að framtíðarsýn hans hafi breyst sökum þess hve lítið þokaðist í aðskilnaðarátt að öðru leyti en því að fríkirkjusöfnuðir höfðu þegar komið fram eftir klofning á einstökum stöðum.

Varðandi hæfi Alþingis til að setja lög um kirkjuleg málefni hafði Þórhallur Bjarnarson töluvert til síns máls. Með þverrandi áhrifum kirkju og kristni í samfélaginu og ekki síst eftir að trúfrelsi hafði verið innleitt var afstaða þingmanna til kirkjunnar orðin mun einstaklingsbundnari og fjölbreyttari en verið hafði og meðal þeirra gátu verið algerlega ókirkjulegir menn sem tæpast áttu að setja lög um hrein, kirkjuleg málefni að mati Þórhalls. Hann tjáði sig um þetta sama mál á prestastefnu fjórum árum síðar (1897) en þá kom hann fram sem einn af helstu stuðningsmönnum fríkirkjuhugmyndarinnar. Við það tækifæri var afstöðu hans lýst svona:

¹¹² „Kirkjublaðið IV“, *Kirkjublaðið* 14/1893, bls. 209–212, hér 210.

¹¹³ Sama rit, s.st.

¹¹⁴ Sama rit, bls. 210–212. Um umræðu í *Kirkjublaðinu* sjá „Undirtektirnar“, *Kirkjublaðið* 7/1894, bls. 97–100. Þórarinn Böðvarsson, „Undirtektirnar“ og aðskilnaður á ríki og kirkju“, bls. 113–119. „Fríkirkjuhugmyndin á Íslandi“, *Ljögberg* 54/1894, bls. 2.

¹¹⁵ „Kirkjublaðið IV“, bls. 211. Sjá og „Kirkjumálanefndin I“, *Fjallkonan* 23/1906, bls. 89.

¹¹⁶ „Kirkjublaðið IV“, bls. 210. Sjá Hjalti Hugason, „Þróun sjálfstæðrar þjóðkirkju ... Sjálfstæði eða aðskilnaður?“, bls. 24–26.

¹¹⁷ Sama rit, bls. 23–26, 27–24.

Hann vildi fara hægt í sakirnar, [...] enn vantaði hjer á landi kirkjulega áhugamenn utan presta-stjettarinnar. Hins vegar væri margt til þess að gjöra frikirkjumálið að einu af vorum nauðsynjamál-um. Löggjöf landsins t.a.m. gerði frikirkjumálið óhjákvæmilegt; alþingi væri óbrúklegt sem kirkjulegt löggjafarvald. Enn sem komið er væri synodus ekki fær um að ræða þetta vandamál að gagni, frikirkjuvinirnir ættu að reyna að glæða synodus svo, að hún yrði það. Aðalatriðið sje, hvort breyt-ingin verði kristindóminum til eflingar. Við hina fjárhagslegu hlið málsins kvaðst hann ekki vera hræddur; hitt taldi hann viðsjárverðara, hve sjálfur trúaráhuginn væri lítill í landinu.¹¹⁸

Beggja vegna aldamótanna 1900 kom víða fram að aðskilnaður ætti orðið miklu fylgi að fagna bæði meðal presta og almennings og að margir teldu um brýnt mál að ræða.¹¹⁹ Meðal þrýstihópa í þessa veru má nefna íslenska stúdenta í Kaupmanna-höfn sem ályktuðu (1904) um „[...] að ríki og kirkju bæri að skilja, að kirkjan ætti að vera óháð ríkinu, og það ætti engin afskipti af henni að hafa, eða trúarbrögðum manna yfirleitt“.¹²⁰ Virðast margir hafa talið breytingu í þessa veru liggja í loftinu um þetta leyti. Á þessum tíma voru færðar fram ýmsar sömu ástæður fyrir breyting-unni og komið höfðu fram í upphafi en einnig tilfærð ný rök. Bent var á stöðu mála í Ameríku, aðskilnað ríkis og kirkju í Frakklandi, þróun samfélagsins í átt til aukins frjálsræðis og veraldarhyggju og loks veika stöðu þjóðkirkjunnar íslensku sem komin væri í blindgötu (sjá hér framar um „prestamálið“).

Ef frá eru talin skrif þeirra sem vildu að markmiðum stjórnarskrárinnar um þjóð-kirkju og trúfrelsi yrði náð eftir löggjafarleiðinni hafa fá dæmi fundist um að ritað hafi verið gegn aðskilnaði þótt margir teldu hann ekki tímabæran eins og sakir stæðu ýmist vegna menningarlegra, andlegra eða efnahagslegra aðstæðna þjóðarinnar. Undantekning frá þessu eru greinaskrif „Brands“ í *Bjarka* (1899) sem gefinn var út á Seyðisfirði undir ritstjórn skáldanna Þorsteins Erlingssonar (1858–1914) og Þorsteins Gíslasonar (1867–1938). „Brandur“ taldi að aðskilnaður mundi fyrst og fremst ýta undir „klerkavald“ í landinu þar sem félagsleg áhrif presta myndu fara í vöxt og vald þeirra yfir söfnuðunum aukast mikið ef ríkið sleppti tókum af yfir-stjórn kirkjunnar. Þá óttaðist hann að trúarlegir flokkadrættir og ofstæki færu í vöxt þegar prestar þyrftu að berjast fyrir tilveru safnaða sinna.¹²¹ Með fjölgun trúfélaga óttaðist hann líka að aukinn ágreiningur kæmi fram um trúarkenningar:

Flokkarígnun yrði haldið við ýmist af sjúkum hugarvíngsmönnum eða landhlaupurum, sem hefðu þetta fyrir atvinnu. Og eingar þrætur eru eins hjartanlega þreytandi og andlega eyðileggjandi og stælur skottupredikara úr mismunandi trúflokum um trúarmálefni.¹²²

Taldi „Brandur“ auk þess að líklega hefði það meiri óþægindi í för með sér að standa utan frikirkju en að vera utanþjóðkirkjumaður við ríkjandi aðstæður.¹²³

¹¹⁸ „Prestastefnan í sumar“, *Verði ljós* 8/1897, bls. 116–123, hér 119. Í þessu sambandi má nefna greinaflokk eftir ýmsa höfunda „Synodalrjettur — Synodus — Kirkjuþing“ sem Þórhallur Bjarnarson birti í *Kirkjublaðinu* 2/1892, bls. 26–27; 4/1892, bls. 56–57; 5/1892, bls. 74–76; 6/1892, bls. 87–88; 7/1892, 1892, bls. 104–107. Í síðasta hlutanum gerir hann sjálfur grein fyrir takmörkunum löggjafarleiðarinnar þegar um kirkjulegt sjálfstæði var að ræða.

¹¹⁹ Sjá t.d. „Tveir vegir“, bls. 66–67. Annað mat kom þó fram í aðsendri grein í *Bjarka* þetta sama ár 1899. Þar var talið að áhuginn á frikirkjumálinu væri hvorki sterkur né almennur sem stæði. Brandur, „Frikirkja“, *Bjarki* 47/1899, bls. 185–186, hér 185. Þorkell Bjarnason (1839–1902) á Reynivöllum kvaðst t.d. aðskilnaði hlynntur þótt hann óttaðist upplausn í trúarefnum þegar til hans kæmi. „Prestastefnan í sumar“, bls. 119.

¹²⁰ Gísli Sveinsson (1880–1959), ritari félagsins, síðar sýslumaður, alþingismaður, sendiherra og áhrifamaður á sviði kirkjumála, var meðal fundarmanna og undirritaði tilkynninguna „Aðskilnaður ríkis og kirkju“, *Þjóðviljinn* 18. árg., 47. tbl., 1904, bls. 187.

¹²¹ Brandur, „Frikirkja“, bls. 185–186.

¹²² Sama rit, bls. 186.

¹²³ Sama rit, s.st.

Aðskilnaður ríkis og kirkju mundi því í reynd fremur verða til að rýra en auka raunverulegt trúfrelsi einstaklinga.

Um sama leyti (1899) horfði Jón Ólafsson sem rúmum 20 árum áður hafði einna fyrstur manna vakið máls á aðskilnaði yfir farinn veg og blasti þetta þá við honum:

[...] vórum vér þá af mörgum skoðaður sem vargur í véum, fíandmaður allrar trúar. Nú er svo komið [...] að mikill hluti presta og leikmanna þjóðkyrkjunnar er orðinn þessu máli fylgjandi, [...]. Vér höfum nú síðan séð meira af lífinu, [...] Ekki svo að skilja að vér höfum ekki sömu grundvallarskoðun sem áður á kyrkjulegu frelsi. Á frelsinu höfum vér eins miklar mætur og áður; en vér erum ekki eins vissir um, [...] að trúarlegu frelsi sé betur borgið með afnámi þjóðkyrkjunnar, heldur en í henni, nú sem stendur. Vér höfum séð svo sorglega mikið af ofstæki „fríkyrkju“ að oss óar við því ástandi meðan almenningur er ekki þroskaðri orðinn en hann er í þeim efnum enn.¹²⁴

Ugglaust byggði Jón hér á reynslu sinni frá þeim tíma er hann dvaldi vestanhafs (í Winnipeg 1890–1894 og síðan í Chicago til 1897) en meðal Íslendinga þar geisðu lengi miklar trúardeilur.

Löggjafarleiðin sigrar — áframbaldandi andóf

Hannes Hafstein (1861–1922) ráðherra skipaði 1904 millipinganefnd samkvæmt frumkvæði prestastefnu 1903, ályktun Alþingis sama ár og úrskurði konungs árið eftir. Hlutverk hennar var að taka saman frumvörp um

[...] [h]agkvæma skipun kirkjumálanna, er veiti þjóðkirkjunni slíkt sjálfstæði og sjálfstjórn í sínum eigin málum, sem hún eftir eðli sínu og 45. gr. stjórnarskrárinnar á heimtingu á og þarfnast til að geta náð ákvörðun sinni.¹²⁵

Þá átti nefndin að koma með tillögu um „[h]vort eða að hve miklu leyti það verði að áltast nauðsynlegt, að kirkja og ríkisfélag sé eftirleiðis sameinað, eins og til þessa hefir verið.“¹²⁶ Auk þess skyldi hún taka saman frumvörp til laga um skipan prestakalla sem og um nauðsynlegar umbætur á launakjörum presta og prófesta.¹²⁷

Nefndin skilaði álit 1906 og lagðist meirihlutinn gegn aðskilnaði ríkis og kirkju einkum vegna þess að það mál þyrfti meiri umhugsunar og undirbúnings við en lagður hafði verið í það. Þá þyrfti að bera það undir þjóðina í atkvæðagreiðslu til að kanna hvort hún óskaði þess í raun að til aðskilnaðar kæmi. Taldi meirihlutinn að umræðan um málið úti í þjóðfélaginu hefði fremur endurspeglad álit einstakra manna en þjóðarviljann sem slíkan.¹²⁸

Nefndarformaðurinn, Lárus H. Bjarnason (1866–1934), þá sýslumaður í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og þingmaður Snæfellinga, síðar forstöðumaður Lagaskólans, lagaprófessor og hæstaréttardómari, eini óvígði maðurinn sem raunverulega starfaði í nefndinni, skilaði sérálit 1906 varðandi þetta atriði. Í því kom fram að trú væri einstaklingsbundin tilfinning og trú sína ættu því allir að vera frjálssir að því að iðka. Þá taldi hann öll trúfélög eiga rétt á friði til að dyrka Guð en ekkert þeirra ætti á hinn bóginn rétt á meira. Aftur á móti gæti ríkisvaldið einvörðungu krafist þess

¹²⁴ „Ný tímarit“, bls. 50.

¹²⁵ *Tillögur um kirkjumál Íslands frá nefnd þeirri, er skipuð hefir verið samkvæmt konungsúrskurði 2. marz 1904, til þess að iðuga og koma fram með tillögur um kirkjumál landsins*, Reykjavík: Prentsmiðjan Gutenberg, 1906, bls. 3. Hjalti Hugason, „Þróun sjálfstæðrar þjóðkirkju ... Fyrstu tilraunir“, bls. 82–93.

¹²⁶ *Tillögur um kirkjumál Íslands*, bls. 3.

¹²⁷ Sama rit, s.st.

¹²⁸ Sama rit, bls. 52–54.

að trúfélögin hlýddu landslögum en ekki seilst lengra til yfirráða yfir þeim. Þá mælti hann fyrir því að þeir sem vildu standa utan trúfélaga ættu að vera fullkomlega gjaldafríir gagnvart þeim en Skúli Thoroddsen hafði verið einna fyrstur mann til að halda þeirri skoðun á lofti hér (sjá síðari grein). Taldi Lárus gildandi löggjöf skerða trúfrelsi í landinu og þá einkum með gjaldskyldu utanþjóðkirkjumanna til hennar. Áleit hann mikilvægt að tryggja fullt frelsi í trúmálum, fullan aðskilnað ríkis og kirkju og fullt jafnræði allra trúfélaga.¹²⁹

Annars tók nefndin saman 10 sameiginleg frumvörp, auk þess sem meirihlutinn lagði til frumvarp um kirkjuþing er auka skyldi sjálfstæði kirkjunnar. Lárus H. Bjarnason samdi auk þess frumvarp um sameiningu biskupsembættisins og embættis forstöðumanns Prestaskólans.¹³⁰ Stefna meirihlutans fólst í að löggjafarleiðin sem lagt hafði verið út á tveimur áratugum áður yrði fest í sessi og löggjöfin frá 9. áratug 19. aldar þróuð áfram. Sú varð og raunin með nýskipan ýmissa kirkjumála sem komið var á með lögum frá Alþingi 1907 en þau voru sett á grundvelli nefndarálitsins.¹³¹

Þórhallur Bjarnarson sem tók að gegna embætti biskups í forföllum forvera síns 1908 fylgdi eftir stefnu meirihluta kirkjumálanefndarinnar a.m.k. hvað stofnun kirkjuþings áhræði hvort sem hann þar fyrir gekk persónulega til fylgis við löggjafarleiðina eða ekki.¹³² Í yngra málgagni sínu, *Nýju kirkjubladi*, gerði hann grein fyrir þessari nýju stefnu sinni í grein um kirkjuþing en á þessum tíma taldi hann vænlegustu aðferðina til að þróa þjóðkirkjuskipanina í átt til aukins frjálsræðis felast í að koma slíkri samkomu á. Hann leit enda svo á að aðskilnaður væri alveg óundirbúinn og því ómögulegt að frumvarp í þá veru fengist samþykkt í náinni framtíð.¹³³ Hann varð þó aldrei mótfallinn aðskilnaði ríkis og kirkju sem æskilegu langtíma-markmiði þrátt fyrir að skoðanir hans á því hvað taka ætti við af þjóðkirkjunni breyttust í ljósi aðstæðna (sjá framar).¹³⁴

Einar Hjörleifsson [Kvaran] (1859–1938), ritstjóri *Fjallkonunnar*, var kirkjumálanefndinni sammála um að aðskilnaðarmálið væri enn vanreifað. Hann benti þó á að nefndin hefði samt meðal annars verið skipuð til að fjalla um það mál og taldi meirihluta hennar hafa leitt það of auðveldlega hjá sér. Hann taldi heldur ekki útilokað að bera málið undir atkvæði þjóðarinnar þegar í stað til að kanna afstöðu hennar til aðskilnaðar. Áleit hann alls ekki mögulegt að álykta að „[...] öll alþýða manna hér *vilji* halda áfram þjóðkirkjuböndunum, þó að henni stæði til boða að fá þau leyst af sér“.¹³⁵ Einar benti enn fremur á að þjóðkirkjufyrirkomulag væri slíkum annmörkum háð „[...] þegar hugsjónamælikvarðinn er á það lagður [...]“ að eðlilegt hefði verið að spyrja hvort það gæti talist „naudsynlegt“ eins og gert var í

¹²⁹ Sama rit, bls. 5–7, 54–57.

¹³⁰ Hjalti Hugason, „Þróun sjálfstæðrar þjóðkirkju ... Fyrstu tilraunir“, bls. 84–85.

¹³¹ Magnús Jónsson, *Alþingi og kirkjumálin*, bls. 72–82.

¹³² Hjalti Hugason, „Þróun sjálfstæðrar þjóðkirkju ... Sjálfstæði eða aðskilnaður?“ bls. 26–27. Óskar Guðmundsson, *Brautryðjandinn: Ævisaga Þórhalls Bjarnarsonar 1855–1916*, Reykjavík: Skálholtsútgáfan, 2011, bls. 252, 297.

¹³³ „Kirkjuþing“, bls. 131.

¹³⁴ Hjalti Hugason, „Þróun sjálfstæðrar þjóðkirkju ... Fyrstu tilraunir“, bls. 84, 87–98. Hjalti Hugason, „Þróun sjálfstæðrar þjóðkirkju ... Sjálfstæði eða aðskilnaður?“ bls. 26–34, 37–43. Sjá „Aðskilnaður ríkis og kirkju“, *Frækorn* 27/1907, bls. 207.

¹³⁵ „Kirkjumálanefndin I“, bls. 89

erindisbréfi nefndarinnar.¹³⁶ Átti hann þar við að slíkt fyrirkomulag gæti staðið í vegi fyrir trúfrelsi og þar með skert almenn mannréttindi sem stjórnarskráin frá 1874 gerði þó ráð fyrir. Þá taldi hann líkt og margir aðrir um þessar mundir að hættara væri við trúardefð í þjóðkirkju en fríkirkju þar sem trúarbrögðin gætu orðið „[...] að eintómum venju- og embættismálum“ í hinni fyrrnefndu.¹³⁷ Einnig væri það óhjákvæmilegur en ámælisverður fylgifiskur þjóðkirkjufyrirkomulags að menn sem annað tveggja stæði á sama um þjóðkirkjuna eða væru henni jafnvel andvígir véluðu um málefni hennar.¹³⁸ Var hann þar með sammála þeim sem drógu í efa hæfi Alþingis til að setja lög um kirkjumálefni.

Einar H. Kvaran taldi enn fremur að ekki væri réttlætanlegt að „efla guðsríki“ á þann hátt að skylda menn til að styðja þjóðkirkjuna með greiðslu opinberra gjalda þrátt fyrir að þeir teldu hana að meira eða minna leyti fráhverfa sannleikanum í ýmsum efnum.¹³⁹ En þetta var einmitt gert í gildandi lögum um sóknargjöld.¹⁴⁰ Loks taldi Einar að viðgangur fríkirkjusafnaðarins í Reykjavík sýndi og sannaði að kristni gæti vel þrífist í landinu án stuðnings hins opinbera en efasesdir þar að lútandi höfðu verið algengar í aðskilnaðarumræðunni.¹⁴¹ Greinarhöfundur í *Alþýðublaðinu* sem nefndi sig „Y.X.“ gagnrýndi meirihluta kirkjumálanefndarinnar á svipuðum nótum fyrir að hafa ekki fjallað ýtarlegar um aðskilnaðarmálið og mælti eindregið gegn áframhaldandi þjóðkirkjufyrirkomulagi sökum þess óréttar sem fælist í gjaldskyldu utanþjóðkirkjufólks til þjóðkirkjunnar.¹⁴² Í þessum tveimur greinum kom sem sé fram mál sem átti eftir að verða fyrirferðarmikið í umræðunni. Þar er átt við gjaldskyldu þeirra sem notuðu sér stjórnarskrárvarið trúfrelsi til að standa utan allra trúfélaga. Þeir voru eftir sem áður skyldir til að greiða gjöld til kirkju og prests í heimasveit sinni og hélst sú skipan til 1915.¹⁴³

Einar H. Kvaran hefði, eins og fram er komið, fremur kosið aðskilnað en að haldið væri áfram á löggjafarleiðinni. Hann var því samt fylgjandi að þjóðkirkjan fengi sem mest sjálfstæði ef þjóðin kæmist að þeirri niðurstöðu að nauðsynlegt væri að halda í hana. Taldi hann að kirkjan ætti að búa við það mikið sjálfræði að kirkjuþing sem hann taldi einboðið að ætti að komast á gæti jafnvel breytt kenningargrunni kirkjunnar ef „[...] sannanir væru fengnar fyrir því, að eitthvert það atriði væri [t.d.] í Ágsborgarjåtningunni, sem sannað væri að samþýddist alls ekki trú þjóðkirkjumanna [...]“.¹⁴⁴ Hann lagðist á hinn bóginn gegn því að kirkjuþing öðlaðist

¹³⁶ Sama rit, s.st.; *Tillögur um kirkjumál Íslands*, bls. 3.

¹³⁷ „Kirkjumálanefndin I“, bls. 89.

¹³⁸ Sama rit, s.st.

¹³⁹ Sama rit, s.st.

¹⁴⁰ Hjalti Hugason, „Félagsgöld eða ríkisframlag? Eðli og þróun sóknargjalda“, *Ritvæð Guðfræðistofnunar* 44/2017, bls. 33–57, hér 43–46, *ojs.hi.is*, sótt 13. nóvember 2018 af <https://ojs.hi.is/ritrodgudfraedistofnunar/article/view/2627/1418>.

¹⁴¹ „Kirkjumálanefndin I“, bls. 89. Heimildir benda til að haustið 1900 hafi fimmtungur Reykvíkinga verið í Fríkirkjusöfnuðinum. Árið 1907 er talið að um þriðjungur bæjarbúa hafi tilheyrt söfnuðinum. Pétur Pétursson, „Þjóðkirkja. frelsi og fjölbreytni“, bls. 239. Í tímaritinu *Frækornum* var þessari velgengni fagnað og þess vænst að þessi fríkirkjuhreyfing leiddi til aðskilnaðar í framtíðinni. „Úr höfuðstaðnum“, 2/1905, bls. 19–20, hér 19.

¹⁴² Y.X., „Ríkið og kirkjan“, *Alþýðublaðið* 12–13/1906, bls. 96–98.

¹⁴³ Hjalti Hugason, „Félagsgöld eða ríkisframlag?“, bls. 45–46. Hjalti Hugason, „Þjóðkirkja og trúfrelsi. Saga og þróun trúmálabálks stjórnarskrárinnar“, bls. 170–176.

¹⁴⁴ „Kirkjumálanefndin II“, *Fjallkonan*, 24/1906, bls. 94.

vald til að ákvarða um menntun presta.¹⁴⁵ Áleit hann að slíku valdi mætti beita til að draga úr kenningarlegu sjálfstæði presta og binda þá fastar við játningar kirkjunnar. Jafnframt taldi Einar, líkt og algengt var um þær mundir, að söfnuðir ættu ekki aðeins að fá rétt til að velja sér presta heldur einnig til að losa sig við þá.¹⁴⁶

Einar H. Kvaran gekk út frá afstæðum og frjálslýndum sjónarmiðum í skrifum sínum um aðskilnað. Hann var um margt gagnrýninn á hefðbundnar kirkjukenningar enda í hópi fyrstu raunsæishöfunda þjóðarinnar sem meðal annars höfðu orðið fyrir áhrifum frá fríhyggjumanninum Georg Brandes (1842–1927).¹⁴⁷ Einar var þó þar fyrir ekki andsnúinn trú sem slíkri og átti eftir að verða einn af helstu forystumönnum spíritista í landinu.¹⁴⁸ Í fyrrgreindum skrifum mælti hann fyrir víðtæku kenningarfrelsi í kirkjunni á tveimur sviðum. Annars vegar átti væntanlegt kirkjuþing að geta breytt játningar- og/eða kenningargrundvelli þjóðkirkjunnar í heild. Hins vegar áttu einstakir söfnuðir að geta hlutast til um kenningu presta sinna með því að velja sér presta sem flyttu kenningu sem væri þeim að skapi en losað sig við aðra. Upphaflegt markmið stjórnarskrárákvæðisins um kenningargrunn þjóðkirkjunnar var að hans mati að tryggja að kenning hinnar nýju þjóðkirkju væri í samræmi við kirkjulegan arf þjóðarinnar þegar henni var komið á 1874. Nú var viðfangsefnið annað að mati Einars og ýmissa annarra, sem sé að aðlaga kirkjukenninguna nýjum viðhorfum meðal þjóðarinnar. Af þessu meginsjónarmiði leiddi svo að ekki var æskilegt að kirkjuleg stjórnvöld gætu sett fræðilegri menntun presta of þröngar skorður, steipt þá alla í sama mót og takmarkað þannig þá kosti sem söfnuðum stóðu til boða við val á prestum.

Haraldur Níelsson (1868–1928), síðar prestaskólakennari og guðfræðiprófessor, var inni á svipuðum brautum og Einar H. Kvaran á þessu sama méli er hann lagðist gegn tillögu Lárusar H. Bjarnason um að biskupsembættið og embætti forstöðumanns Prestaskólans væru sameinuð. Taldi hann sameininguna til þess fallna að skerða kenningarfrelsi guðfræðikennara og koma í veg fyrir að Prestaskólinn yrði hluti af væntanlegum háskóla ekki síst ef til aðskilnaðar ríkis og kirkju kæmi sem hann líkt og fjölmargir aðrir gerði ráð fyrir í náinni framtíð.¹⁴⁹

Lárus H. Bjarnason áleit aftur á móti að því er virðist með réttu að 45. gr. stjórnarskrárinnar takmarkaði kenningarfrelsið í þjóðkirkjunni og kæmi í veg fyrir að breyta mætti kenningargrunni hennar.¹⁵⁰

¹⁴⁵ Sama rit, s.st.

¹⁴⁶ Sama rit, s.st.

¹⁴⁷ Jens Holger Schjøring, „1800 til i dag“, bls. 495, 570 (myndtexti), 578.

¹⁴⁸ Þórunn [Jarla] Valdimarsdóttir, „Öld frelsis, lýðvalds og jafnaðar“, bls. 43–44. Gunnar Kristjánsson, „Kirkjan og Bókmenntirnar“, *Til móts við nútímann*, Kristni á Íslandi 4, ritstj. Hjalti Hugason, Reykjavík: Alþingi, 2000, bls. 217–222, hér 219, 221–222. Pétur Pétursson, „Þjóðkirkja, frelsi og fjölbreytni“, bls. 278–279, 280–281, 307.

¹⁴⁹ Haraldur Níelsson, „Embætta-samsteypan I“, *Fjallkonan* 33/1906, bls. 129–130. Haraldur Níelsson, „Embætta-samsteypan II“, *Fjallkonan* 34/1906, bls. 133–134.

¹⁵⁰ *Tillögur um kirkjumál Íslands*, bls. 25. „Kirkjumálanefndin II“, bls. 94.

Niðurstöður

Með stjórnarskránni 1874 var grunnur lagður að nýjum trúmálarétti í landinu sem varða skyldi leið þjóðarinnar inn í framtíðina. Í stað ríkisátrúnaðar og skyldubundinnar aðildar þjóðarinnar að lútherskri kristni skyldi nú komið á þjóðkirkju og trúfrelsi. Langt var þó í land með að þessi trúarpólítísku markmið væru orðin að veruleika. Þróun í þá átt hófst á 9. áratugi 19. aldar er „gömlu, íslensku þjóðkirkjuskipaninni“ var komið á í áföngum með ýmsum lögum er kváðu á um aðkomu safnaða að stjórn eigin mála. Þar með komu söfnuðir í fyrsta skipti fram sem félagslegar grunneiningar kirkjunnar hér á landi með sameiginleg réttindi og skyldur. Einnig var tekið að útfæra „jákvætt“ trúfrelsi, þ.e. frelsi til að iðka trúna í samræmi við eigin samvisku. Var það gert með lögum um utanþjóðkirkjufólk.

Snemma hófust deilur um hvort markmiðum stjórnarskrárinnar um þjóðkirkju og trúfrelsi yrði náð með rýmkaðri löggjöf eða hvort leggja yrði inn á alveg nýjar brautir með því að aðskilja ríki og kirkju eða nánar tiltekið hið trúarlega og veraldlega svið með því að skilgreina trúmálin sem einkamál er ríkinu bæri ekki að hafa afskipti af. Um 1880 komu fram tvær trúarpólítískar stefnur í landinu sem hér hafa verið nefndar löggjafarleið og aðskilnaðarleið. Má líta á Þórarin Böðvarsson í Görðum sem helsta guðföður löggjafarleiðarinnar en Jón Ólafsson ritstjóra sem helsta hugmyndafræðing aðskilnaðarleiðarinnar. Á tímabilinu sem hér var fjallað um festist löggjafarleiðin í sessi. Í fyrstu munaði þar mest um tillögur millipinganefndar um kirkjumál sem starfaði á árunum 1904–1906 en meirihluti hennar aðhylltist löggjafarleiðina sem fékk síðar staðfestingu á almennum prestastefnum á Þingvöllum 1909 og Hólum ári síðar. Eftir þetta fylktu prestar sér almennt um þessa leið en áður höfðu ýmsir þeirra verið fylgjandi aðskilnaði. Hefur þessari leið verið fylgt í íslenskum trúmálarétti allt til þessa.

Í síðari grein sem áformað er að birtist í næsta hefti þessarar ritraðar verða nokkrir afmarkaðir þættir umræðunnar raktir frekar og sýnt hvernig komið var til móts við alvarlegustu gagnrýnina sem hreyft var í þessum fyrsta hluta umræðunnar um aðskilnað ríkis og kirkju. Hún fólst í að þjóðkirkjuskipanin takmarkaði stjórnarskrárvarið trúfrelsi fólks með því að gera öllum sem ekki tilheyrðu öðrum trúfélögum en þjóðkirkjunni að skyldu að gjalda henni lögboðin gjöld.

Líta verður svo á að helsta kveikjan að aðskilnaðarleiðinni og drifkrafturinn að baki henni hafi verið mannréttindasjónarmið, þ.e. það markmið að koma á trúfrelsi í landinu sem risi undir nafni en væri ekki aðeins á pappírnum. Löggjafarleiðin byggðist fremur á trúar- og kirkjulegum sjónarmiðum. Fylgjendur hennar litu svo á að kirkja og ríki ættu því sameiginlega hlutverki að gegna að tryggja velferð fólks bæði tímanlega og eilífa. Til að stuðla að framgangi þess virðast fylgjendur þessarar leiðar hafa talið ásætlanlegt að einhverjir sem ekki fylgdu þjóðkirkjunni að málum væru eigi að síður skyldir til að greiða henni sömu gjöld og þjóðkirkjufólk og væri þar með óbeint gert að tilheyra henni eða hefðu a.m.k. ekki fjárhagslegan ábata af því að gera það ekki.